SAMEYKI

Tímarit Sameykis / **2. tbl. 2022** / sameyki.is

Stríðið í Úkraínu Þjóðin sem neitaði að gefast upp **Breytt hagfræði** til bjargar heiminum **Aðalfundur Sameykis** Lagabreytingar og ályktanir **Matargatið** Háhitareykt kjúklingataco **Gjörbreytt Ríkiskaup** Hástökkvari ársins í könnuninni Stofnun ársins 2021 **Stjórnendur eru ekki eyland** Frístundamiðstöðin Tjörnin valin Stofnun ársins 2021 **Það bera sig allir vel** Formaður BSRB skrifar um að rangt sé gefið **Stéttabaráttan** og viðskiptajöfnuðurinn **Af vettvangi Sameykis**

SAMEYKI

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Ábyrgðarmaður
Þórarinn Eyfjörð

Ritstjóri
Axel Jón Ellenarson

Greinarhöfundar
Ásgeir Brynjar Torfason
Haraldur Jónasson
Jökull Sólberg Auðunsson
Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Valur Gunnarsson

Prófarkalestur
Bjarni Benedikt Björnsson

Forsíðuteikning
Halldór Baldursson

EFNISYFIRLIT

4 Af vettvangi Sameykis
6 Aðalfundur Sameykis
8 Ályktanir Sameykis
10 Vöxtur og vellíðan í betri vinnutíma
12 Það bera sig allir vel
14 Stéttabaráttan og viðskiptajöfnuðurinn
16 Breytt hagfræði til bjargar heiminum
19 Skopið
20 Úkraína: Þjóðin sem neitaði að gefast upp
26 Færeyingar vilja stytta vinnuvikuna
28 Stofnun ársins 2021
30 Stjórnendur eru ekki eyland
32 Gjörbreytt Ríkiskaup
34 Háhitareykt kjúklingataco
36 Af vettvangi Sameykis
38 Krossgátur

Skrifstofa Sameykis
Grettisgata 89 - 105 Reykjavík
Símar: 525 8340 / 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
Veffang: sameyki.is
ISSN: 1670-881

Prentun
Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír úr hringrásarferli Svansins. Einnig er blaðið prentað með svansvottuðum jurtalitum en ekki jarðolíulitum.

SVANSMERKIÐ
Prentgripur
1234 5678

LEIÐARI

Við viljum kröftugt og öflugt samfélag

Á 1. maí fögnum við alþjóðlegum baráttudegi launafólks. Það er gleðilegt að við getum öll sem eitt komið saman í lok faraldursins, gengið kröfugöngu og haldið áfram baráttunni fyrir bættum kjörum opinberra starfsmanna og almennings alls.

Við sem samfélag höfum lagt áherslu á að vera hluti af norræna velferðarkerfinu, enda standa norrænu löndin fremst þegar kemur að velferð og jöfnuði. Til að standa undir nafni þá ætlumst við til að stjórnvöld svari lágmarkskröfum um að gæta réttlætis og jafnréttis og verndi eigur og auðlindir þjóðarinnar svo fjármálahýenur skyndigróðans geti ekki látið greipar sópa um sameiginlegar eigur okkar. Við krefjumst réttlætis og krefjumst þess að velferðarkerfin okkar séu efld en ekki svelt. Almenn siðleg viðhorf eins og réttlæti og umhyggja fyrir almenningi virðist því miður ekki alltaf eiga upp á pallborðið hjá þeim sem hafa valist til að sitja í æðstu embættum. Hvaða ástand blasir við? Stjórnvöld fjársvelta okkar mikilvægustu almannaþjónustu og vinna að því markvisst að koma almannaeignum með afslætti í hendur sérútvaldrar og spilltrar fjármálaelítu. Þetta er hættuleg, óheilbrigð og andfélagsleg þróun sem hefur ekkert annað í för með sér en niðurbrot á samfélagi samstöðu og jafnræðis. Ef íslensku ólígarkarnir fá að valsa um samfélag okkar munum við á endanum búa við sérhagsmunaréttindi „éáetta - émáetta“ frekjunnar, þar sem almenningur getur bara étið það sem úti frýs. Bókstaflega.

Sala, eða réttara sagt gjöf Íslandsbanka, sem er á ábyrgð stjórnvalda, réttara sagt fjármálaráðherra, er glöggt dæmi um spillingu og sérhagsmunagæslu stjórnvalda. Við höfum fylgst með þessari einkavinavæðingu í mörg ár og þetta gengur ekki lengur. Staðan segir okkur að þessi ríkisstjórn ber ekki hag almennings fyrir brjósti, heldur hag sérútvalinna vina og ættingja ráðherra í ríkisstjórn Íslands. Við verðum að bregðast við og stöðva einkavæðingu á eignum ríkisins – eignum okkar allra, og munum að Samtök atvinnulífsins leika þar stórt hlutverk. SA rekur einkavæðinguna áfram með siðlausum og óheiðarlegum áróðri gegn opinberum starfsmönnum og þar með innviðunum og almenningi öllum eins og Sameyki hefur oft fjallað um. Einkavæðing almannaþjónustunnar hefur neikvæð keðjuverkandi áhrif. Þjónustan verður dýrari og hún dregst saman vegna arðsemiskrafna. Kapítalisminn er óseðjandi skrímsli og smásálarlega peningahyggjan er í eðli sínu skólplögn samfélagsins, því hún hefur ekki siðferðisgildi mannlegrar reisnar að leiðarljósi, heldur peningagróða grútarpungsins.

Í Evrópu á sér nú stað hræðilegt stríð. Rússar fremja grimmdarverk og stríðsglæpi í Úkraínu. Skotmörkin eru almenningur og innviðir landsins eru miskunnarlaust sprengdir í öreindir. Milljónir eru á flótta, aðallega börn, mæður og eldra fólk. Ungu mennirnir eru í stríði og þjóðin stendur saman gegn kúgaranum í Kreml. Við höfum öll fylgst með stríðinu og við finnum til með bræðrum okkar og systrum í Úkraínu sem nú ganga í gegn um helvíti á jörð. Það er skylda okkar sem þjóð á meðal þjóða að gera það sem í okkar valdi stendur að styðja við flóttafólk og þá bæði við þau sem koma frá Úkraínu og annars staðar frá.

Samtök norrænna ríkisstarfsmanna, NSO, sendu frá sér yfirlýsingu vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Þar kom fram fullkomin samstaða með Úkraínu og einnig á fundi PSI, Alþjóðlegra samtaka opinberra starfsmanna, og EPSU, Samtaka opinberra starfsmanna í Evrópu. Dave Prentis forseti PSI sagði hjarta okkar slá með Úkraínu í baráttu þjóðarinnar við hið illa. Sameyki leggur áherslu á að stjórnvöld taki vel á móti flóttafólki frá Úkraínu og öðrum stríðsþjáðum löndum. Við megum ekki gleyma því að í fjölbreytileika samfélagsins felst mikill auður sem ber að fagna og fordómar gagnvart öðrum þjóðernum, húðlit, kyni og trúarbrögðum eru ólíðandi.

Á aðalfundi Sameykis samþykkti félagsfólk með miklum meirihluta í atkvæðagreiðslu að hækka félagsgjaldið til að styrkja Vinnudeilusjóð félagsins. Við megum búast við að kröfugerð okkar í næstu kjarasamningum verði kröftug og Sameyki verður tilbúið fyrir þær deilur með sterkari Vinnudeilusjóð. Við verðum að vinna að betri kjörum okkar félagsmanna og við krefjumst betra samfélags fyrir alla, þar sem gildi um heiðarleika, jafnrétti og jöfn tækifæri eru í hávegum höfð. Krafan um jöfnun launa á milli markaða er skýr af hálfu Sameykis auk þess sem við krefjumst þess af stjórnvöldum að þau lögleiði styttingu vinnuvikunnar. Aðeins með öflugri baráttu félagsfólks stéttarfélaga fyrir bættum kjörum og réttindum er hægt að ná fram breytingum. ■

Þórarinn Eyfjörð
Formaður Sameykis

GLEÐILEGAN BARÁTTUDAG LAUNAFÓLKS

Mæting kl. 13:00 við Hlemm. Kröfugangan fer af stað kl. 13:30 og gengið verður niður að Ingólfstorgi þar sem útifundur hefst kl. 14:10 við Ingólfstorg.

Dagskrá á Ingólfstorgi
Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu, og Margrét Halldóra Arnarsdóttir, varaformaður Rafiðnaðarsambands Íslands, halda ræður.

Bubbi Morthens ásamt fleirum flytja tónlist.

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

„Hjarta okkar slær með Úkraínu!“

Samtök opinberra starfsmanna; PSI og EPSU í Evrópu héldu sameiginlegan fund í upphafi marsmánaðar þar sem kom fram fullkomin samstaða allra stéttarfélaga í löndum innan og utan Evrópu með opinberum starfsmönnum og almenningi í Úkraínu. Stríðið sem nú geisar í Úkraínu vegna innrásar Rússa í landið hefur lamað innviði þess. Opinberir starfsmenn í Úkraínu reyna eftir bestu getu að veita opinbera þjónustu og halda stofnunum landsins gangandi en opinberir starfsmenn falla einnig í árásunum og innviðir landsins eru því mjög laskaðir vegna sprengjuárása Rússa á opinberar stofnanir.

Flóttafólk á lestarstöðinni í Kyiv. *Ljósmynd/Óskar Hallgrímsson*

Liz Snape aðalritari PSI, Public Services International, sem er alheimssamband stéttarfélaga í opinberri þjónustu, og formaður UNIONS sem er stærsta stéttarfélag opinberra starfsmanna í Bretlandi, sagði að PSI hefði fordæmt innrás Rússa í Úkraínu með yfirlýsingu og að óskað væri eftir stuðningi stéttarfélaga opinberra starfsmanna allra landa með þeim 1,3 milljónum opinberra starfsmanna í Úkraínu sem nú veita opinbera þjónustu í stríðshrjáðu landi. „Samstaða er ekki aðeins orðin tóm heldur framkvæmd, Úkraína þarf aðstoð annarra bandalaga og stéttarfélaga opinberra starfsmanna til að koma þeim skilaboðum til ríkisstjórna sinna landa um hjálp,“ sagði Liz.

Dave Prentis forseti PSI tók undir orð Liz og sagði að aðildarfélögin 700 innan sambandsins vildu sýna Úkraínu samstöðu og stuðning í verki. Nú væri verið að skipuleggja með hvaða hætti það skyldi framkvæmt. „Hjarta okkar slær með ykkur í þessari baráttu Úkraínu við hið illa. Þetta er stríð hins illa á móti hinu góða. Það er ólíðandi að ráðast á sjálfstætt ríki Úkraínu og við viljum ásamt allri Evrópu fullkomna samstöðu með Úkraínu.“

Rosa Pavanelli framkvæmdastjóri PSI sagði frá ákalli samtakanna vegna innrásarinnar. „Við munum saman safna sjóði frá verkalýðsfélögum til að koma til hjálpar Úkraínu. Við erum reiðubúin að veita alla þá aðstoð sem þarf. Heilbrigðisstofnanir og öll opinber þjónusta eru skotmark Rússa í Úkraínu. Vinnustaðir eru sprengdir og við þurfum að vinna með Sameinuðu þjóðunum að koma opinberum stofnunum í Úkraínu til hjálpar. Við þurfum að nýta alla miðla [aðildarfélaga sambandsins] okkar til að koma því á framfæri til allra opinberra starfsmanna sem er að raungerast í Úkraínu og hvernig ráðist er að opinberri starfsemi landsins. Það er ánægjulegt að sjá þá samstöðu í öllum löndum Evrópu gegn innrás Rússa í Úkraínu og sagan má ekki endurtaka sig,“ sagði Rosa og vísaði með orðum sínum til síðari heimsstyrjaldarinnar. ■

46. framhaldsþing BSRB

46. framhaldsþing BSRB var haldið dagana 24.-25. mars. sl. Á þinginu kom m.a. fram í stefnu BSRB að lögfesta þurfi styttingu vinnuvikunnar í 35 stundir í dagvinnu og að vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar. „Nú þegar glittir í lok heimsfaraldursins og álaginu sleppir á almannaþjónustunni og samfélaginu öllu erum við sem samfélag á vissan hátt á upphafspunkti enda fjölmargar ákvarðanir sem þarf að taka sem munu hafa áhrif á samfélagið til langs tíma,“ sagði Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, í setningarávarpi framhaldsþings BSRB.

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB setti 46. framhaldsþing.

„Þess vegna hefur sjaldan verið mikilvægara að raddir launafólks fái að heyrast og að við höfum áhrif á það hvernig við byggjum upp samfélagið eftir faraldurinn,“ sagði Sonja.

46. þingi BSRB var frestað síðasta haust þar sem samkomutakmarkanir komu í veg fyrir að hægt væri að koma saman. Á framhaldsþinginu var farið í málefnastarf og stefna BSRB endurnýjuð.

„Þessi vinna verður ekki aðeins grundvöllur alls starfs bandalagsins næstu árin heldur er hún einnig grundvöllur þeirrar samstöðu sem skiptir svo miklu máli fyrir hagsmunabaráttu okkar. Þegar við höfum mótað sameiginlegu stefnu hér á þinginu getum við komið fram sem sameinað og sterkt afl launafólks, staðið fast á okkar kröfum og tekið slaginn ef við þurfum til að ná okkar markmiðum,“ sagði Sonja. ■

Í áfalli eftir uppsagnir hjá Vinnumálastofnun

Vinnumálastofnun sagði upp fimm konum í lok mars sl. og sögðu þær að uppsagnirnar hafi verið óvæntar og framkoma stjórnenda hafi verið ofbeldiskennd, ógnandi og niðurlægjandi í þeirra garð.

Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis sagði í viðtali á vef Kjarnans að ekki hafi verið farið eftir leiðbeiningum til stjórnenda um uppsagnir ríkisstarfsmanna vegna rekstrarlegra ástæðna heldur „vaðið í starfsmennina“ án nokkurs aðdraganda með órökstuddum fullyrðingum um að ástæða uppsagnanna væri hagræðing í rekstri og uppsagnir nauðsynlegar til að mæta aðhaldskröfu.

Þá kemur fram í frétt Kjarnans að Unnur Sverrisdóttir forstjóri Vinnumálastofnunar hafi í skriflegu svari við fyrirspurn Kjarnans, þar sem hún er spurð hvort rétt hafi verið staðið að þessum uppsögnum og öllum ferlum fylgt, að hún sem forstjóri sé bundin þagnarskyldu um allt sem lýtur að málum einstakra starfsmanna hjá stofnuninni og sé henni því ómögulegt að svara þeim spurningum sem blaðamaður setur fram í fyrirspurninni.

Þórarinn segir að konunum hafi verið gert skylt að yfirgefa vinnustaðinn samstundis og reynt að sjá til þess að þær yfirgæfu vinnustað sinn til margra ára til þess að koma í veg fyrir að þær hittu starfsfélaga sína. Óskum um að ljúka vinnudeginum hafi verið hafnað og öllum aðgangi þeirra að tölvukerfum, póstforritum og innra samskiptaneti sem starfi þeirra tengdist hafi verið lokað um leið og þeim var vísað út. ■

Ríkið greiðir bætur vegna uppsagna starfsfólks Hafrannsóknarstofnunar

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu fyrir hönd félagsmanna sinna sem sagt var upp störfum hjá Hafrannsóknastofnun hefur lokið máli með sátt við ríkið þar sem krafist var miskabóta og fjártjónsbóta að upphæð samtals 7.535.000 kr.

Hafrannsóknastofnun sagði upp tíu starfsmönnum þegar skipulagsbreytingar voru gerðar á stofnuninni árið 2019, í kjölfar þess að nýr forstjóri var ráðinn við sameiningu tveggja stofnana; Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunar. Uppsagnirnar náðu bæði til félagsmanna innan BHM og Sameykis. Sameyki taldi uppsagnirnar ólögmætar og krafði ríkið um bætur. Stéttarfélög starfsmanna Hafrannsóknastofnunar höfðu ítrekað bent á að stofnunin hefði ekki farið að lögum við uppsagnirnar. Þá skrifaði mannauðs- og rekstrarstjóri Hafrannsóknastofnunar harðorða greinargerð sem lýsti ófaglegum starfsháttum nýs forstjóra, sagði að stofnunin hefði ekki komið heiðarlega fram, hvorki gagnvart þeim starfsmönnum sem var sagt upp né þeim sem störfuðu áfram. 300 hundruð ára starfsreynslu og vísindaþekkingu hefði verið kastað á glæ. Mannauðs- og rekstrarstjórinn sagði sjálfur upp störfum vegna ágreinings um væntanlegar uppsagnir, tveimur dögum áður en til uppsagnanna kom.

Í ályktun starfsmanna sem samþykkt var á fundi starfsmanna stofnunarinnar, sagði að uppsagnirnar hefðu verið óvæntar og harkalegar. Í kjölfar þess upplifðu starfsmenn Hafrannsóknastofnunar ógnarstjórn af hendi stjórnenda.

„Stjórnendur sýni þeim [starfsfólkinu] vanvirðingu og að stjórnendur framkvæmi hlutina eftir eigin geðþótta, mögulega í bága við lög,“ sagði í bréfi starfsmanna til forstjóra stofnunarinnar. Stéttarfélög starfsmanna höfðu ítrekað bent á að uppsagnirnar væru ólögmætar án þess að stjórnendur stofnunarinnar brygðust við. Því var gerð krafa á ríkið að það myndi bæta starfsmönnum þann skaða sem af þessum ólögmætu uppsögnum hlaust. Ríkið féllst loks á að uppsagnir starfsfólksins hjá Hafrannsóknastofnun hefðu verið ólöglegar og samkomulag var gert í kjölfarið um bætur vegna þeirra. Ríkið greiðir því félagsmönnum Sameykis sem sagt var upp störfum hjá Hafrannsóknastofnun fjártjónsbætur og miskabætur auk lögmannsþóknunar. ■

Fundargestir hlýða á formann Sameykis og um leið rýna í ársskýrsluna.

Aðalfundur Sameykis

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Á aðalfundi Sameykis sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica voru lagðar fyrir fundinn tillögur að lagabreytingum félagsins, farið yfir ársreikning þess, hækkun á félagsgjaldi o.fl. Fyrir aðalfundinn var haldinn Trúnaðarmannaráðsfundur þar sem unnið var í fimm hópum sem fjölluðu um lagabreytingar, fjármál félagsins, fræðslusjóði og styrktarsjóð og áform um breytingar, orlofsmál og ályktanir. Talsmenn hópavinnunnar kynntu síðan niðurstöðurnar úr hópavinnunni fyrir fundinum. Góð mæting var á aðalfundinn, rúmlega hundrað félagsmenn í Sameyki komu á fundarstað og um fjörutíu manns fylgdust með og tóku beinan þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

Drjúgur hluti fundarins fór í að fara yfir lagabreytingar og héldu fundarstjórarnir Kristjana Eyjólfsdóttir og Ari Björn Thorarensen þétt um taumana. Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis flutti skýrslu stjórnar og Gunnsteinn R. Ómarsson fór yfir reikninga félagsins. Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, varaformaður Sameykis, og Þórarinn Eyfjörð afhentu trúnaðarmönnum viðurkenningar fyrir ötult og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Á fundinum samþykkti félagsfólk með miklum meirihluta í atkvæðagreiðslu að hækka félagsgjaldið til að styrkja Vinnudeilusjóð félagsins. Formaður Sameykis sagði að í ljósi þess hvernig umræðan hefði verið í samfélaginu á vettvangi atvinnurekenda og samtaka þeirra bæri Sameyki að búa sig undir átök með því að efla vinnudeilusjóð. Þá sagði hann að þrengt væri að lífsgæðum með ásókn í opinbera innviði þjóðarinnar ásamt aðgerðaleysi stjórnvalda í jöfnun launa á milli markaða og Sameyki yrði tilbúið undir þær deilur með sterkari Vinnudeilusjóði.

> Á komandi hausti verða kjarasamningar á almennum markaði lausir. Sameyki gerir kjarasamninga á almennum markaði ... Það liggur ljóst fyrir að við þurfum öflugan Vinnudeilusjóð og hækkun félagsgjaldsins tel ég vera nauðsynlega aðgerð í að styrkja sjóðinn.

„Sú orðræða atvinnurekenda og samtaka þeirra hefur bæði verið harkaleg og einkennst af því að hugsanlega sé verið að hlaða í átök. Í þessari stöðu teljum við vera skynsamlegt að búa okkur undir harðar vinnudeilur og sendum út þau skilaboð að við séum við öllu búin þegar kjarasamningsviðræður hefjast. Það hefur sýnt sig að sterkur vinnudeilusjóður hefur áhrif í vinnudeilum."

Þá sagði Þórarinn að síðasta stóra verkfallið hefði verið 2015 og framundan mætti ætla að kjarasamningsviðræður yrðu erfiðar og kröfugerðin fyrir næstu kjarasamninga yrði önnur en í þeim síðustu þegar samið var á grundvelli samninga sem tókust á milli almenna vinnumarkaðarins og Samtaka atvinnulífsins.

„Á komandi hausti verða kjarasamningar á almennum markaði lausir. Sameyki gerir kjarasamninga á almennum markaði, til að mynda við Isavia, Orkuveitu Reykjavíkur og Fríhöfnina ásamt fleirum. Það liggur ljóst fyrir að við þurfum öflugan Vinnudeilusjóð og hækkun félagsgjaldsins tel ég vera nauðsynlega aðgerð í að styrkja sjóðinn til að efla baráttuna vegna komandi kjarasamninga." ■

Birna Daðadóttir Birnir og Pétur Ásbjörnsson tóku við viðurkenningum á aðalfundi Sameykis.

Spáð og spekúlerað.

Fundargestir taka þátt í rafrænni atkvæðagreiðslu.

Skrifstofustjóri, varaformaður og formaður Sameykis.

Kristjana Eyjólfsdóttir og Ari Björn Thorarensen voru fundarstjórar.

Gunnsteinn R. Ómarsson, skrifstofustjóri fór yfir ársreikning Sameykis.

Ársreikningi flett.

Ályktanir samþykktar á aðalfundi Sameykis

Á aðalfundi Sameykis sem haldinn var í 27. mars sl. voru samþykktar eftirfarandi ályktanir; um auðlindir Íslands, um lögfestingu á styttingu vinnuvikunnar, um samkomulag um jöfnun launa á milli markaða, um aðför að opinberum starfsmönnum og innviðum Íslands, um stríðið í Úkraínu og að lokum um húsnæðismarkaðinn þar sem ríkir ófremdarástand. Með þessum ályktunum vill Sameyki vara við þeirri óheillaþróun sem fram koma í þeim og hvetja stjórnvöld til aðgerða.

1. Auðlindir Íslands

Sameyki skorar á stjórnvöld að virða vilja þjóðarinnar um sanngjarnar og hærri tekjur af auðlindum Íslands. Sjávarútvegsfyrirtækin í landinu greiða sér milljarða í arð af hagnaði af nýtingu fiskveiðiauðlinda á ári hverju á meðan ríkið fær greitt lítið brot af þeim hagnaði. Ríkisstjórnin á að hafa forystu í að standa vörð um að auðlindir þjóðarinnar séu ekki misnotaðar og hafa frumkvæði að því að allt íslenskt samfélag njóti góðs af nýtingu auðlinda landsins á sanngjarnan hátt. Einnig

krefst Sameyki þess að stjórnvöld standi við það markmið sem þau hafa sett sér að afla nægrar þekkingar til að móta skýra stefnu í nýtingu náttúruauðlinda landsins eins og segir á vef Stjórnarráðsins, „að starfrækja stofnanir sem hafa það meginhlutverk að afla þekkingar á stöðu náttúruauðlinda landsins hverju sinni og veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi ráðstöfun þeirra“. Þekking, gagnsæi og upplýsing sporna gegn spillingu í meðförum á náttúruauðlindum Íslands.

2. Lögfesting á styttingu vinnuvikunnar

Sameyki hvetur stjórnvöld til að lögleiða 35 stunda vinnuviku öllu launafólki í landinu til heilla. Lögleiðing á styttingu vinnuvikunnar í 35 klst. er eðlileg krafa hjá launafólki eftir reynslutímann sem nú er liðinn frá síðustu kjarasamningum. Sú kerfisbreyting sem orðið hefur á vinnumarkaðnum hefur skapað rými fyrir samfélagið allt til að njóta betra lífs sem birtist í betri líðan, auknu öryggi á vinnustöðum, meiri vel-

sæld og ánægðara starfsfólki. Stjórnvöld þurfa að taka mið af þessum breytingum til framtíðar. Sameyki varar við því að stjórnvöld og Samtök atvinnulífsins snúi þeirri þróun við sem orðið hefur á vinnumarkaðnum og samfélaginu öllu vegna styttingar vinnuvikunnar.

3. Samkomulag um jöfnun launa á milli markaða

Sameyki mótmælir harðlega að stjórnvöld standi ekki við samkomulag sem undirritað var 16. september 2016 milli heildarsamtaka launafólks, ríkis og sveitarfélaga um jöfnun launa á milli opinbera og almenna launamarkaðarins. Samræma átti lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, aldurstenging réttinda átti að verða grundvallarregla kerfisins og lífeyristökualdur átti að hækka (úr 65 í 67 ára) til að stuðla að sjálfbærni. Um leið skuldbundu stjórnvöld sig til að jafna launakjör opinberra starfsmanna við almenna vinnumarkaðinn með markvissum

aðgerðum á næstu 6–10 árum. Næstkomandi haust verða liðin 6 ár frá samkomulaginu og staðan er sú í dag að ekki hafa komið neinar skilgreindar krónur í vasa opinberra starfsmanna. Launamunurinn er enn að meðaltali um 16,8 prósent og Sameyki krefst þess að ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin standi við sinn þátt samkomulagsins. Það

er ekki líðandi að þetta mikilvæga mál verði ekki leyst fyrir næstu kjarasamninga, með öllum þeim óróa og vondu áhrifum sem slíkt myndi hafa á kjarasamningsviðræðurnar.

4. Aðför að opinberum starfsmönnum og innviðum Íslands

Sameyki mótmælir harðlega málflutningi Samtaka atvinnulífsins um að opinberir starfsmenn leiði launaþróunina í landinu. Samtök atvinnulífsins fullyrða að starfsmenn ríkisins séu upp til hópa á ofurlaunum, sem séu langtum hærri en almennt gerist á vinnumarkaði. Þessi málflutningur er viðbót

við málflutning ákveðinna stjórnmála- og fjármálaafla sem grefur undan opinbera velferðarkerfinu og starfsmönnum þess og er undanfari að niðurbroti á opinberri þjónustu. Staðreyndin er sú að Samtök atvinnulífsins, stéttarfélögin á almennum markaði og ríkið stóðu saman að svokölluðum Lífskjarasamningi í janúar 2019. Þar var samið um krónutöluhækkanir eftir ákveðinni forskrift sem opinberir starfsmenn tóku síðan mið af í sínum kjarasamningum. Sameyki krefst þess einnig að stjórnvöld sjái til þess að ríkið fari ekki í að einkavæða innviðina með því að markaðsvæða almannaþjónustuna. Hagsmunasamtök atvinnurekenda á almennum markaði vinna að því að sérhagsmunaaðilar komist yfir eignir almennings, til dæmis flutningskerfin, veitur, fjarskipti, háskóla, spítala og heilbrigðisstofnanir, og geti síðan hækkað gjöld og þjónustu á almenning í gegnum þær stofnanir. Þessa sókn fjármálaaflanna í eigur landsmanna verður að stöðva með mjög ákveðnum hætti.

5. Stríðið í Úkraínu

Sameyki fordæmir innrás Rússlands í Úkraínu. Innrás Rússlands í frjálst og fullvalda ríki í Evrópu er stórfellt brot á alþjóðalögum og sjálfsákvörðunarrétti þjóða og með því ógnar Rússland einnig öðrum nágrannaríkjum og

heimsbyggðinni allri. Í Úkraínu ríkir nú neyðarástand, skortur er á mat og vatni, lyfjum og öðrum nauðsynjavörum og fólk lifir í stöðugum ótta um eigið öryggi. Milljónir manna flýja landið og þurfa skjól og aðhlynningu. Félagar okkar í verkalýðsfélögum Úkraínu og nágrannaríkjum þess hafa sent ákall til félaga sinna um allan heim um stuðning í bæði orðum og verki. Um leið skorar Sameyki á íslensk stjórnvöld að þau tali fyrir friðsamlegum lausnum á alþjóðavettvangi og styðji jafnframt áframhaldandi viðskiptaþvinganir gegn Rússlandi. Þá skorar Sameyki á stjórnvöld að veita flóttamönnum sem hingað koma í neyð vernd og hæli þegar í stað.

6. Húsnæðismarkaðurinn

Á húsnæðismarkaðnum hefur átt sér stað óheillaþróun á undanförnum árum. Hluti af vandanum er stefnu- og ábyrgðarleysi stjórnvalda í húsnæðismálum og slæmar ákvarðanir Seðlabanka Íslands þegar bankinn losaði um bindiskyldu bankanna til að örva hagkerfið. Bankarnir fengu þar um 40 milljarða sem skilja mátti að ættu að styðja betur við atvinnulífið þegar óveðurskýin voru að hlaðast upp. Bankarnir dældu hins vegar fjármunum inn

á húsnæðismarkaðinn sem áttu sinn þátt í að sprengja upp allan kostnað við húsnæðiskaup og húsaleigu. Íslensk stjórnvöld sváfu á verðinum. Afborganir af þessum lánum almennings hafa hækkað mikið og almenningur tekur höggið á meðan bankastofnanir græða. Sameyki skorar á stjórnvöld að stíga fram og skattleggja hagnað bankanna á síðasta ári með stórtækri aðgerð.

Sameyki krefst þess að stjórnvöld bregðist við þessu ástandi á húsnæðismarkaðnum og móti sér langtímastefnu sem almenningur geti treyst á, m.a. með endurskoðun vaxtabótakerfisins, sérstökum stuðningi við barnafólk og ungt fólk til að koma sér upp húsnæði. Það telst til sjálfsagðra mannréttinda að eiga heimili. Sveitarfélögin þurfa einnig að axla ábyrgð með auknu framboði af lóðum svo hægt sé að mæta þessari miklu þörf með byggingu nýrra íbúða.

Sameyki krefst þess að stjórnvöld standi þegar í stað við orð sín um úrbætur sem fram koma í skýrslu starfshóps stjórnvalda sem kom út í apríl 2019 um „lækkun þröskulds ungs fólks og tekjulágra inn á húsnæðismarkaðinn," eins og segir í heiti skýrslunnar. ■

Fyrirlesarar f.v. Sóley Kristjánsdóttir, Bára Hildur Jóhannsdóttir, Guðrún Snorradóttir og Auðunn Arnórsson.

Vöxtur og vellíðan í betri vinnutíma

Á málþingi Sameykis sem haldið var 16. mars sl. var umfjöllunarefnið vellíðan og vöxtur í betri vinnutíma. Um það efni fjölluðu Sóley Kristjánsdóttir, sérfræðingur hjá Gallup, Bára Hildur Jóhannsdóttir, verkefnastjóri betri vinnutíma í vaktavinnu, Guðrún Snorradóttir, stjórnendaþjálfi og Auðunn Arnórsson, MPA.

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Sóley Kristjánsdóttir hóf málþingið og fjallaði um vöxt og vellíðan í starfi. Hún starfar sem sérfræðingur hjá Gallup. Sóley greindi niðurstöður könnunarinnar og segir hún sjálfa sig vera nörd í mannauðsmálum.

Hrós vekur vellíðan

Fór Sóley m.a. yfir þann þátt könnunarinnar sem snýr að styttingu vinnuvikunnar og áhrifum hennar á líðan fólks í vinnunni. Sagði hún að bersýnilega hefði komið í ljós að mikill meirihluti þeirra sem svöruðu könnuninni væri ánægður með styttingu vinnuvikunnar. Hún sagði líka að hrós skilaði árangri innan vinnustaðarins, hvetti fólk til dáða og léti því líða vel.

„Það er hlutverk stjórnenda stofnana að hrósa sínu fólki á vinnustaðnum og leiða þannig vinnustaðinn til vellíðunar og öryggis," benti Sóley á. Sóley vakti athygli á þeirri spurningu sem stjórnendur þyrftu að spyrja sjálfa sig; hvað er mest gefandi við að vera góður stjórnandi og hvað er mest krefjandi við að vera stjórnandi. Svarið er einfalt: „Mest krefjandi er að vinna með fólki – og mest gefandi er að vinna með fólki. Það felast alltaf tækifæri til að bæta líðan starfsfólks, sama þó vinnustaðurinn sé í vellíðan eða ekki." Í erindi hennar kom fram að stjórnendur þurfa að hafa vitund um líðan starfsfólksins og finna bestu mögulegu nálgun til að hrósa fólki fyrir vel unnin störf en um leið að hjálpa fólki til að njóta starfsins með mannauðsaðferðum.

„Hægt er að gera þetta reglulega með skipulögðum hætti, því besti árangurinn fæst með því að taka stöðuna á verkefnunum reglulega, ekki aðeins einu sinni á ári. Með því að hjálpa starfsfólki að ráða við álag og líða vel er að allir séu upplýstir um hlutverk sitt og stjórnandinn líka. Hann þarf að vita hver gerir hvað, hvenær og hvernig ásamt að taka stöðuna á hvort starfsfólk, stjórnendur og vinnustaðurinn sé á réttri leið."

Sóley endaði sinn fyrirlestur með að skilja eftir spurningu til gesta málþingsins. „Hvað viltu að breytist akkúrat núna á þínum vinnustað?"

Stytting vinnuvikunnar farvegur til umbóta

Bára Hildur Jóhannsdóttir, verkefnastjóri betri vinnutíma í vaktavinnu, fjallaði um ávinning og áskoranir á vinnumarkaðnum. Hún sagði að áskoranirnar á vinnumarkaðnum væru þess eðlis að öll stéttarfélög og bandalög stéttarfélaganna þyrftu að koma að málum varðandi styttingu vinnuvikunnar. Hún sagði að krafa launafólks í vaktavinnu væri 80 prósent viðvera fyrir 100 prósent starf. Vaktavinnufólk hefur haft þau réttindi til langs tíma á útlendum vinnumarkaði. Rannsóknum hefur fleygt fram hvað viðkemur þessum þáttum viðveru á vinnustað. Ungt fólk vill einnig jafnvægi á milli vinnu og einkalífs og það er krafa sem atvinnurekendur þurfa að vera meðvitaðir um. Starfsfólk leggur

einnig mikla áherslu á vellíðan og öryggi í starfi, og einnig eins og kom fram styttri viðveru á vinnustaðnum.

„Við vitum líka að fjölbreytileiki vinnumarkaðarins er mikill og það krefst nýrrar nálgunar hjá stjórnendum stofnana ríkis og sveitarfélaga. Varðandi menninguna á vinnustöðunum er hún eins og ísjaki. Fjölmenning og fjölbreytileiki manneskjunnar sést ekki á yfirborðinu, heldur undir yfirborðinu. Þetta þurfa stjórnendur að vera meðvitaðir um. Þegar kemur að breytingum innan stofnana er algengt að mæta því viðhorfi að það sé óþarfi að breyta vinnustaðnum og að hann hafi alltaf verið eins og hann er. Fólk getur verið hrætt við breytingar. Við þurfum þó að sýna hugrekki og vera tilbúin til að breyta. Í þeim málum eru stjórnendur lykilfólkið. Stjórnandinn á leiða fólkið áfram í að þekkja verkefnin best. Lykilatriði er virk þátttaka starfsfólks og gegnsæi verkefna sem skapar traust," sagði Bára Hildur.

> Stytting vinnuvikunnar í vaktavinnu er farvegur til umbóta og velferðar á vinnumarkaðnum og það er ljóst að þeir vinnustaðir sem skara fram úr eru þeir sem hafa fylgt innleiðingarferlinu frá A–Ö og haft starfsfólk með í ráðum. Enginn stjórnandi getur verið án þess að hafa starfsfólkið með í ráðum til að geta bætt vinnustaðinn og skilað árangri.

„Stytting vinnuvikunnar í vaktavinnu er farvegur til umbóta og velferðar á vinnumarkaðnum og það er ljóst að þeir vinnustaðir sem skara fram úr eru þeir sem hafa fylgt innleiðingarferlinu frá A–Ö og haft starfsfólk með í ráðum. Enginn stjórnandi getur verið án þess að hafa starfsfólkið með í ráðum til að geta bætt vinnustaðinn og skilað árangri," útskýrði Bára Hildur.

Öryggi meðal starfsfólks lykilatriði á vinnustað

Guðrún Snorradóttir, stjórnendaþjálfi, fjallaði í sínu erindi um vöxt í mótlæti. Sagði hún að starfsfólk væri nú að ganga í gegnum miklar breytingar vegna heimsfaraldursins. „Ég vissi það vel í byrjun faraldursins að stjórnendur þyrftu að eiga inni orku, reynslu og hæfni til að takast á við breytt vinnufyrirkomulag. Af hverju vissi ég það fyrir tveimur árum síðan? Vegna reynslu minnar hef ég lært að þekkja fólk afskaplega vel og skilja líðan þess. Reynslan kom frá sjálfri mér þegar allt hrundi hjá mér í upphafi faraldursins og mig langaði bara til að loka mig af. Þá fór ég að hugsa hvað ég gæti gert í stöðunni þegar ákveðnar þrjár þarfir eru teknar af manni.

Í fyrsta lagi þörfin að vakna á morgnana og takast á við verkefnin. Í öðru lagi að fá að velja hvað við erum að fást við. Það var tekið af okkur vegna þess að samfélagið lokaðist. Í þriðja lagi að tilheyra, tilheyra hópi fólks og skipta máli í lífi fólks. Í þessu ljósi breyttust vinnustaðirnir okkar og í dag eiga sumir starfsmenn erfitt með að snúa til baka og vilja jafnvel sitja áfram heima í náttfötunum og vinna," sagði hún.

„Við þurfum líka að vera meðvituð þegar slíkt óöryggi kemur upp að traust veikist. Traust er byggt upp á félagslegum samskiptum og því hvernig við eigum samskipti hvert við annað. Um leið og fólk verður óttaslegið fer það að benda á aðra og gagnrýna þá og umhverfið sitt líka. Til að breyta þessu þurfa stjórnendur að lofa starfsfólki að tala saman á vinnustaðnum um líðan þess og daglegt líf. Það er upphafið, að leyfa fólki að tala saman og spegla sig hvert í öðru svo við kulnum ekki og förum í streituástand," sagði Guðrún að lokum.

Bætt mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera

Lokaerindi málþingsins hélt Auðunn Arnórsson, MPA, sem fjallaði um niðurstöður lokaritgerðar sinnar, Liðsheild og metnaður: Bætt mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera, í opinberri stjórnsýslu við HÍ. Ritgerðin fjallar um hvernig bæta má mannauðsstjórnun í opinbera geiranum með réttri nýtingu könnunarinnar Stofnun ársins. Sagði Auðunn að markverðustu lærdómarnir sem honum hefði reynst unnt að draga af niðurstöðum rannsóknar sinnar og samanburð við viðmið og markmið stjórnendastefnu ríkisins væru í samantekt þessir: Stjórnendur hjá hinu opinbera verða að sýna heilindi, auðmýkt og gott fordæmi gagnvart sínu starfsfólki og leggja allt kapp á að skapa góða liðsheild á vinnustaðnum. Leiðin að því markmiði markast af vel útfærðri þátttökustjórnun byggðri á gagnkvæmu trausti milli starfsfólks og stjórnenda sem og meðal starfsfólksins innbyrðis. Langtímastefnan með starfseminni þarf að vera skýr og starfsfólkið þarf að vita að það geti haft áhrif á stefnumótunina. Mikilvægt er að starfa eftir áætlun, þótt matið á því hvort það sé gert í samræmi við t.d. samhæft árangursmat (e. balanced scorecard) eða aðrar leiðir sé mismunandi.

„Þetta vekur von um að stjórnendur sem hafa kosið að gera sem minnst með kannanir eins og Stofnun ársins komist ekki upp með það lengur. Að slíkir stjórnendur verði þannig að sýna að minnsta kosti viðleitni til að tileinka sér stjórnunarhætti sem hafa sýnt sig að vera árangursríkari – og kannanir eins og Stofnun ársins ýta undir – getur ekki annað en verið framfaraspor fyrir mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera," sagði Auðunn að lokum.

Á málþinginu voru sýnd viðtöl við stjórnendur og starfsfólk hjá ríki og hjá Reykjavíkurborg sem lýstu reynslu sinni af styttingu vinnuvikunnar. ■

Það bera sig allir vel

Eftir Sonju Ýr Þorbergsdóttur

Kæru félagar, til hamingju með alþjóðlegan baráttudag verkalýðsins þann 1. maí!

Vorið flæðir inn um gluggana og loksins getum við fagnað þessum merkisdegi saman í raunheimum eftir tveggja ára heljartak heimsfaraldurs án baráttufunda og kröfugangna.

Við í BSRB höfum líka sérstakt tilefni til að fagna því að við eigum 80 ára afmæli. Frá árinu 1942 hefur samstarf, samstaða og barátta launafólks í almannaþjónustu skilað okkur bættum lífskjörum og betra samfélagi fyrir alla.

Í heimsfaraldrinum sáum við úr hverju framlínufólk í almannaþjónustu er gert og þau færðu gríðarlegar persónulegar fórnir til að sinna heilsu okkar og verja lífsgæðin. Þetta er fólkið sem starfar í heilbrigðisþjónustu, með börnunum okkar í skólunum, þjónustar fólk í viðkvæmri félagslegri stöðu og fólk með fötlun, starfar við þrif til að halda umhverfi okkar heilnæmu og hreinu, og svo mætti lengi telja. Faraldurinn leiddi svo berlega í ljós mikilvægi þessara starfa og þakklæti almennings var mikið á meðan á honum stóð.

Þó er hætt við að nú þegar við höfum mörg endurheimt eðlilegra líf og daglegt amstur tekur við að þá gleymist mikilvægi þessara starfa jafnóðum. En opinberir starfsmenn munu áfram gegna lykilhlutverki í gangverki samfélagsins og íslensk fyrirtæki geta ekki haldið uppi eðlilegri starfsemi og verðmætasköpun án þeirra.

> Við skulum þó hafa það alveg á hreinu að launafólk ber ekki ábyrgð á hækkandi vöxtum og aukinni verðbólgu, en mun gjalda fyrir með verri kjörum. Við munum því ekki gefa neinn afslátt í kjarabaráttunni í þágu almennings.

Rangt gefið

Styrkur hvers samfélags birtist í stöðu viðkvæmustu hópa þess. Þó flestir beri sig vel eru því miður ákveðnir hópar að koma tölu-vert verr út úr þessum faraldri en aðrir, bæði andlega og fjárhags-lega. Könnun Vörðu - rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins og gögn frá Hagstofunni sýna að ójöfnuður hefur aukist og staða ungra og einstæðra foreldra, innflytjenda og lágtekjuhópa hafi versnað vegna tekjufalls, dýrtíðar og stóraukins álags bæði heima fyrir og við vinnu. Á sama tíma hafa eignir þeirra ríkustu aukist um hundruð milljarða.

Hækkandi vextir og aukin verðbólga koma verst við þau sem hafa minnst milli handanna því matarkarfan verður sífellt dýrari og húsnæðiskostnaður hækkar. Þessu verður að bregðast við því langvarandi fjárhagsáhyggjur og álag valda alvarlegum heilsufars- og velferðarvanda sem bitnar ekki bara á einstaklingunum heldur samfélaginu öllu.

Áróður gegn launafólki

Nú í aðdraganda kjarasamninga heyrum við raddir þeirra sem segja að launafólk eigi að sýna ábyrgð og ekki gera of miklar launakröfur. Við skulum þó hafa það alveg á hreinu að launafólk ber ekki ábyrgð á hækkandi vöxtum og aukinni verðbólgu, en

“

Þekkingarleysið sem felst í þeirri nálgun að hið opinbera sé silalegt bákn er ærandi. Þessar mýtur afmennska þau mikilvægu störf sem unnin eru í almannaþjónustunni og eiga ekkert erindi í nútímasamfélagi. Í stað þess að nálgast opinbera þjónustu eins og útgjöld þarf að beina sjónum að því hvernig samfélagi við viljum búa í og fastsetja hvernig við ætlum að ná því markmiði.

Ljósmynd/Arnþór Birkisson

mun gjalda fyrir með verri kjörum. Við munum því ekki gefa neinn afslátt í kjarabaráttunni í þágu almennings.

Staðreyndin er nefnilega sú að þó heimsfaraldurinn hafi hitt fyrirtæki í ákveðnum atvinnugreinum illa standa önnur betur en nokkru sinni fyrr og þeim ber siðferðileg skylda að nýta hagnað sinn til að bæta lífskjör þeirra sem hafa skapað hann. Stærstu samtök atvinnurekenda og einstaka stjórnmálafólk hefur undanfarið haldið uppi áróðri um meinta gríðarlega fjölgun opinberra starfsmanna og halda því fram að laun og kjör séu orðin betri á opinbera vinnumarkaðnum en þeim almenna.

Hið rétta er að opinberum starfsmönnum fjölgaði vegna viðbragða við heimsfaraldri, fólksfjölgunar og vegna þess að fleiri aldraðir þurfa þjónustu. Krónutöluhækkanir skiluðu lægstu launum hlutfallslega mestri hækkun. Fjölmargir á opinberum vinnumarkaði tilheyra sannarlega þeim hópi en launin þar eru þó enn langt undir meðaltali. Mögulega er ástæðuna fyrir áróðrinum að rekja til þess að þau vita sem er að BSRB mun sækja fast jöfnun launa milli markaða og endurmat á launum kvennastétta.

Hið opinbera skapar verðmæti

Rótina að umræðunni um fjölda og laun opinbers starfsfólks má væntanlega einnig finna í 40 ára gömlum kreddum Reagan og Thatcher um að hið opinbera leysi ekki vandamál heldur sé sjálft vandamálið. Þetta er þvættingur sem því miður er undirstaða hugmyndafræði sem of margir aðhyllast enn. Og það þrátt fyrir að margoft sé búið að sannreyna mikilvægi hins opinbera og hlutverk þess við að skapa velsæld og verðmæti. Nú síðast í baráttunni við heimsfaraldur.

Þekkingarleysið sem felst í þeirri nálgun að hið opinbera sé silalegt bákn er ærandi. Þessar mýtur afmennska þau mikilvægu störf sem unnin eru í almannaþjónustunni og eiga ekkert erindi í nútímasamfélagi. Í stað þess að nálgast opinbera þjónustu eins og útgjöld þarf að beina sjónum að því hvernig samfélagi við viljum búa í og fastsetja hvernig við ætlum að ná því markmiði. Sterk almannaþjónusta er fjárfesting í fólki og friði.

Lífið er gott sem betur fer

Ísland er ríkt land og líf flestra er gott sem betur fer. Við höfum því alla burði til að byggja upp sterkara velferðarsamfélag sem lyftir undir með þeim sem standa verr. Það margborgar sig fyrir stjórnvöld að stíga fast til jarðar nú og styrkja stoðir velferðarsamfélagsins til framtíðar. Mannsæmandi afkoma, heilbrigt starfsumhverfi, öruggt húsnæði, jöfnun launa milli markaða, leiðrétting launa kvennastétta, sérstakur stuðningur við barnafólk er sá vegvísir sem BSRB leggur áherslu á fram á við.

Nú reynir á baráttuanda og samstöðu launafólks. Við skulum sýna þá samstöðu í verki og fjölmenna í kröfugöngur og á baráttufundi um allt land 1. maí. ■

Höfundur er formaður BSRB.

Stéttabaráttan og viðskiptajöfnuðurinn

Eftir Jökul Sólberg Auðunsson

Með yfirborðslegri greiningu mætti komast að þeirri niðurstöðu að sumar þjóðir hafi í gegnum tíðina lagt ríkari áherslu á uppbyggingu atvinnulífs og njóti árangurs síns erfiðis með viðskiptaafgangi á hverju ári – en hvað útskýrir þá viðvarandi viðskiptahalla öflugasta hagkerfis heims, Bandaríkjanna, allt frá árinu 1981? Hvað útskýrir viðskiptaafgang Kína og viðsnúning viðskiptajöfnuðar á Íslandi síðustu árin?

Til að ráða þessa gátu þurfum við að átta okkur á hvernig þjóðir halda í mismiklum mæli aftur af neyslu og kynda undir sparnaðarþörf. Ef lífeyrissparnaður væri t.a.m. tvöfalt hærri á Íslandi kæmi það niður á neyslu heimila. Það dregur svo úr neyslu á innfluttri vöru og þjónustu þar til iðgjöldin greiðast aftur út þegar þjóðin fer yfir öldrunarkúfinn. Skyldusparnaður er þó aðeins eitt dæmi. Skattlagning, niðurstöður kjarasamninga og kraftur velferðarkerfa eru allt þættir sem hafa áhrif á einkaneyslu og þar með viðskiptajöfnuð.

Haldið aftur af neyslu

Það hversu öflugur útflutningurinn er í alþjóðlegum samanburði spilar sífellt minna hlutverk í viðskiptajöfnuði ríkja og hinir þættirnir; aðstæður, kjör og lagalegt umhverfi neytenda, eru aftur á móti æ veigameiri þáttur.

Þýskaland hefur verið með 5–8% viðskiptaafgang á hverju ári síðan 2005. Þar er fjölbreyttur og öflugur iðnaður, en þar er líka haldið aftur af einkaneyslu meðal annars með víðtækri þjóðfélagssátt milli stéttarfélaga og vinnuveitenda um að stór hluti þjóðarinnar uni við fremur lágar tekjur og þar af leiðandi minni neyslu. Minni neysla í samanburði við framleiðni er ekki vegna þess að Þjóðverjar eru skynsamir og duglegir að spara heldur vegna þess að þar ríkir kerfislæg stéttaskipting: Hagsmunir vinnandi fólks lúta í lægra haldi fyrir hagsmunum stórfyrirtækja.

Hagsmunir stórfyrirtækja

Þetta líkan vilja Þjóðverjar flytja út til annarra evrulanda og má segja að það hafi skilað talsverðum árangri. Evrusvæðið sjálft skilaði 2,5% afgangi á árunum 2010–2019. Þær evruþjóðir sem vilja reka öflugra velferðarkerfi, greiða hærri laun eða búa ekki við sömu framleiðslugetu og Þjóðverjar eru milli steins og sleggju. Sú leið sem Spánn og Írland fóru fyrir hrun var stóraukin skuldsetning í gegnum þanið bankakerfi og fasteignabólur. Evran lokar flestum öðrum dyrum; að taka út breytingar í gegnum gengi eða reka ríkissjóð með halla.

Í Kína er neyslu haldið niðri með því að láta tekjur af útflutningi fyrirtækja ekki rata til heimila í formi velferðar eða lægri skatta. Heimilin vinna mikið fyrir litlar tekjur.

Viðskiptahalli Bandaríkjanna

Í Bandaríkjunum er talað um tvíburahalla (e. twin deficit), þ.e. viðskipta- og fjárlagahalla sem margir telja ósjálfbært fyrirkomulag til lengri tíma. Í rauninni er þetta þó ekki endilega skammsýn efnahagsstjórn af hálfu Bandaríkjamanna. Tvíburahallinn þjónar annars vegar þeim ríkjum sem telja sig þurfa að vera með viðvarandi viðskiptaafgang (á kostnað velferðar) og hins vegar býr ríkishallinn til skuldabréf sem útflutningsríkin leita svo til með allan þann afgang sem myndast heima fyrir.

Það er því verkalýður á lélegum kjörum sem gerir Þýskalandi og Kína kleift að fjármagna sig með viðskiptaafgangi, reka sultarstefnu í ríkisfjármálum og þrýsta þannig á aukinn halla á fjárlögum og viðskiptum í Bandaríkjunum því fáir aðrir geta sinnt þessari eftirspurn í þeim mæli sem Bandaríkin gera. Þannig gengur dæmið upp, en í ójafnvæginu leynist stéttaskipting.

Ísland úr halla í afgang

Viðskiptaafgangur útflutningsríkjanna hrannast upp innanlands í formi sparnaðar sem reynir svo að þefa uppi örugga fjárfestingu, að stórum hluta á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði. Þar eru ríkisskuldabréf Bandaríkjanna álitlegur kostur og þar kemur til ofgnótt sparnaðar (e. savings glut), mögulega meiri sparnaður en hægt er að þjóna.

Á Íslandi var að jafnaði rúmlega 3% viðskiptahalli á árunum 1980 til og með 2020. Ef við spólum svo yfir hrunið og lítum til áranna 2010 til 2019 þá er staðan allt önnur, yfir 2% viðskiptaafgangur. Sveifla úr halla í afgang á Íslandi tengist vexti ferðaþjónustu, en ekki síður uppbyggingu gjaldeyrisforða sem hefur haldið genginu niðri og skyldusparnaði – að ógleymdum sjávarútvegi sem verður sífellt tæknivæddari.

Hagfræðigreinendum er gjarnt að líta á viðskiptaafgang sem styrkleikamerki. Það er mikið til í því þegar sannanlega má rekja bætta stöðu til öflugri útflutnings. Mjög mikill afgangur til lengri tíma getur aftur á móti bent til þess að stéttarfélögum hafi ekki tekist að semja um sanngjarnan skerf af þeim verðmætum sem verða til eða að neyslu sé haldið niðri af opinberum aðilum með einum eða öðrum hætti. John Hobson og John Maynard Keynes fjölluðu um „undirneyslu“ (e. underconsumption), á fyrri hluta 20. aldar og í nýútkominni bók, Trade Wars are Class Wars eftir Michael Pettis og Matthew C. Klein eru þessar kenningar heimfærðar á alþjóðakapítalisma nútímans með mjög sannfærandi hætti.

“

Mjög mikill afgangur til lengri tíma getur aftur á móti bent til þess að stéttarfélögum hafi ekki tekist að semja um sanngjarnan skerf af þeim verðmætum sem verða til eða að neyslu sé haldið niðri af opinberum aðilum með einum eða öðrum hætti.

Þáttur stéttabaráttunnar í heimshagkerfinu

Með líflegri og virkri stéttabaráttu má ekki aðeins auka hlut heimila og almennings í verðmætasköpun atvinnulífsins, heldur er hægt að draga úr ójafnvægi heimshagkerfisins. Viðvarandi plús og mínus milli landa í viðskiptahalla býr til mikla sparnaðar- og fjárfestingarþörf sem oft á tíðum endar í skrýtnum og óhagkvæmum fjárfestingum. Fyrir hrun stunduðu t.a.m. Þjóðverjar vaxtamunarviðskipti og keyptu jöklabréfin svokölluðu, en enduðu á að tapa á þeim viðskiptum. Slík viðskipti ýta undir eigna- og fjárfestingarbólur sem springa að lokum og draga úr jafnvægi hagkerfa. Öflug stéttabarátta getur þannig átt hlut í að draga úr froðukenndum viðskiptum ríkisins og stuðlað að efnahagsstöðugleika og jafnvægi. ■

Höfundur er forritari.

Hugmyndaheimur nýfrjálshyggjunnar sem markvisst breiddist út um heiminn áratugina eftir fall Berlínarmúrsins eða hruns Tvíburaturnanna og fram að fjármálahruni fól í sér leiðarstef einkavæðingar og lítið var gert úr opinberum rekstri og flestallri almannaþjónustu, skrifar Ásgeir Brynjar Torfason.

Breytt hagfræði til bjargar heiminum

Eftir Ásgeir Brynjar Torfason

Þegar nú sér fyrir endann á heimsfaraldri, í okkar heimshluta hið minnsta, þá skellur á innrás í Evrópu. Sú breytta heimsmynd sem nú birtist eftir faraldur og í stríði dregur skýrt fram mikilvægi hins opinbera rekstrar vegna viðbragða og efnahagslegra afleiðinga beggja. Hagfræðin sem lá til grundvallar endurbyggingu síðast þegar við stóðum frammi fyrir breyttri heimsmynd eftir fall Berlínarmúrsins eða hruns Tvíburaturnanna, er ekki endilega sú rétta til þess að takast á við þær áskoranir sem heimurinn stendur nú frammi fyrir.

Hugmyndaheimur nýfrjálshyggjunnar sem markvisst breiddist út um heiminn áratugina síðan þá og fram að fjármálahruni fól í sér leiðarstef einkavæðingar og lítið var gert úr opinberum rekstri og flestallri almannaþjónustu. Þótt þessi áhrifamikla kenning hafi í raun beðið skipbrot árið 2008 þá hefur löskuðu fjármálakerfinu verið haldið á lífi síðan þá með miklum stuðningi og fjármögnun frá helstu seðlabönkum heims. Þegar kom að því að vinda ofan af þeim stuðningi skall á heimsfaraldur sem kallaði á meiri stuðning og síðan stríð sem ekki sér fyrir endann á en mun hafa miklar efnahagslegar afleiðingar. Þá er ótalin loftslagsváin sem er þó stærsta verkefnið að takast á við og hagfræðin hefur ekki enn komið með gagnlegar lausnir á. Allar þessar vár kalla á skjót svör.

Krísur og hagfræði

Alþjóðlega á sér stað mikil og gagnrýnin endurskoðun á hagsögunni og sögu hagfræðikenninga. Hagfræðingar utan við meginstrauminn standa í fararbroddi endurskoðunarinnar og oftar en ekki byggir nýsköpun innan hagfræðinnar á að endurvinna gamlar kenningar sem lent hafa utan við strauminn en hafa fallið betur að raunveruleikanum heldur en hinar viðteknu kenningarnar.

Hagfræðin sem fræðigrein hefur ekki getað skýrt vel orsakir og afleiðingar af krísum undanfarinna ára með einföldum líkönum og kenningagrunni sem byggir á skilvirkni og jafnvægi sem raungerist ekki. Mikið af þeim umbótum sem nú verða innan hagfræðinnar byggjast á því að endurlesa gamlar klassískar bækur og nýta þær til nýsköpunar í ljósi raunverulegrar þróunar hagkerfanna. Eitt skýrasta dæmið um þess háttar gerjun birtist í skrifum hagfræðinga eins og Mariana Mazzucato.

Hverjir geta breytt hagfræðinni?

Mariana Mazzucato er prófessor við University College London og rekur þar rannsóknarstofnun um nýsköpun og almannagildi (Institute for Innovation and Public Purpose) sem veitir ráðgjöf til opinberra aðila samhliða að kenna opinbera stjórnsýslu og stefnumótun. Hún er menntuð í hagfræði og hagsögu, í þremur löndum, fædd á Ítalíu, alin upp í Bandaríkjunum og búsett í Bretlandi. Um árabil hefur hún í ræðu og riti ítrekað nauðsynlega umbreytingu hagfræðinnar og hefur hressileg gagnrýni hennar og skýrleiki gert hana eftirsóttan fyrirlesara um allan heim.

Mazzucato hefur til dæmis með nákvæmum og skapandi lestri sínum á Adam Smith, sem er talinn faðir hagfræðinnar, tekist að leiðrétta vissar mistúlkanir sem liggja vanda hagfræðinnar nú til grundvallar. Hún dregur það til dæmis fram í bókum sínum, um virði og virðismyndun (Value of Everything, 2018) og um endurhugsun kapítalismans út frá sjálfbærni og jöfnuði (Rethinking Capitalism, 2016), hvernig grundvallarhugmynd Smith um hinn frjálsa markað er mistúlkuð. Það sem Smith átti við með frelsishugtakinu var að markaðurinn væri frjáls frá rentusókn. Að það væri öllum til hagsbóta að fyrirbyggt væri að fáir aðilar drægju til sín allan mögulegan hagnað út úr fyrirtækjum og þar með markaðskerfinu.

> Adam Smith sagði að markaðurinn virkaði ekki almennilega nema vegna hinnar reglubundnu umgjarðar sem yrði að vera til staðar. Markaður án reglna er óskapnaður segir Mazzucato enda byggi grundvöllur hans á réttarríkinu; dómstólum, samkeppniseftirliti, neytendavernd og stofnunum sem sjá til þess að leikvöllurinn sé sanngjarn.

Markaður án reglna er óskapnaður

Adam Smith sagði að markaðurinn virkaði ekki almennilega nema vegna hinnar reglubundnu umgjarðar sem yrði að vera til staðar. Markaður án reglna er óskapnaður segir Mazzucato enda byggi grundvöllur hans á réttarríkinu; dómstólum, samkeppniseftirliti, neytendavernd og stofnunum sem sjá til þess að leikvöllurinn sé sanngjarn.

Nærtækt dæmi um þetta er að finna í hinum sameiginlega markaði Evrópusambandsins. Ísland fær aðild að honum í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið gegn því að innleiða allar reglur og lög sem um markaðinn gilda. Frjáls viðskipti sem því fylgja geta eflt alla dáð, en þau viðskipti eru möguleg og frjáls vegna þeirrar reglubundnu umgjarðar sem

tryggir að leikreglurnar nái yfir alla aðila markaðarins og fyrirbyggir að fáir geti dregið til sín of mikinn auð út úr kerfinu.

Tvær bækur í viðbót sem Mazzucato hefur hlotið frægð fyrir er fyrsta bókin hennar, en hún fjallar um nýsköpunarríkið (Entrepreneurial State) frá 2014, og sú nýjasta um markmiðsdrifna hagkerfið (Mission Economy) frá 2021. Í þeirri fyrri sýnir hún fram á hvernig nýjungar og tækniþróun megi iðulega rekja til opinberrar fjárfestingar í rannsóknum. Á síðari stigum tekur viðskiptalífið við og gerir nýjungarnar að markaðsvöru sem ríkisvaldið lagði grunn að. Þetta vindur ofan af ranghugmyndum um að hið opinbera sé aðeins dragbítur á verðmætasköpun sem komi aðeins af hendi einkaframtaksins og varpar nýju ljósi á tengsl hins opinbera og markaðarins.

Mariana Mazzucato er prófessor í hagfræði nýsköpunar og almenningsvirðis við University College í London.

Nýjasta bók Mazzucato, Mission Economy, kom út fyrir ári síðan og fjallar um hvernig hið opinbera þarf að vera leiðandi og marka efnahagsstefnu samfélagsins í stað sérhagsmunasamtaka og atvinnulífsins. Hún tekur dæmi af tunglferðaáætluninni og löndum sem náð hafa langt í tækniframförum með því að marka þannig stefnu um almannahag sem fyrirtækin síðan njóta góðs af en ekki öfugt. Það liggur fyrir að markaðsfrelsi leiðir ekki sjálfkrafa til þess að nýjungar séu þróaðar. Markaðurinn hentar vel til þess að markaðssetja, selja og stunda viðskipti en ekki endilega til þess að stuðla að nýsköpun, þróun eða annarri þess háttar langtímafjárfestingu.

Efnahagsstefna fyrir almannahag

Eins og sást í heimsfaraldri kórónuveirunnar þá lék ríkisvaldið stærsta hlutverkið í að leiða lönd heimsins út úr faraldrinum, bæði á sviði heilbrigðismála og efnahagslífsins. Þróun bóluefnisins tókst vel hjá nokkrum mismunandi fyrirtækjum, en einmitt vegna grunnrannsókna sem farið höfðu fram áður og voru fjármagnaðar af hinu opinbera. Aðgangur var veittur að öllum upplýsingum og gögnum þvert á samkeppnishugmyndir gömlu kenninganna. Hið opinbera fjármagnaði einnig í raun alla þessa þróun nýrra bóluefna með því að kaupa ótrúlegt magn þeirra fyrir heiminn allan.

Almannahagsmunir voru settir í fremsta forgang þó að samvinna hafi verið með einkafyrirtækjum. Hraðinn í þróun bóluefnisins jókst verulega með þessu samþætta átaki, samvinnu og opnum aðgangi að upplýsingum. Enn frekari áherslur á eftirgjöf hagnaðar í samstilltu átaki má sjá af sjálfviljugum viðskiptaaðgerðum alþjóðlegra stórfyrirtækja sem draga sig nú út úr Rússlandi vegna innrásarinnar í Úkraínu. Þessar aðgerðir minnka hagnað þeirra og bætast við opinberar viðskiptaþvinganir og fjárhagslegar efnahagsaðgerðir opinberra aðila vegna stríðsins.

Gömul saga og ný hugsun

Það þarf fleiri hagfræðinga sem nýta sköpunarkraftinn til gagnrýninnar endurbyggingar eins og Mariana Mazzucato gerir. Þá verður mögulegt að breyta efnahagsmálum til að bjarga heiminum úr þeim ógöngum sem m.a. loftslagshamfarir munu birtast okkur. Fjármálakrísur, efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldra og viðskiptaþvinganir vegna stríðsrekstrar eru álagspróf til undirbúnings. Áskoranirnar birtast einnig á sviði ójöfnuðar, framþróunar opinbers rekstrar og nýsköpunar, en það er aðeins í gegnum hið gamla sem okkur er mögulegt að uppgötva eitthvað nýtt. Til þess þurfum við frjálsan huga hugmyndaríkra hugsuða eins og Mariana Mazzucato er gott dæmi um. Með þekkingu sinni sem birtist í bókum hennar dregur hún saman sögulega sýn og hagfræðilega nýsköpun til að gera heiminn betri til framtíðar. Það var upphaflega hugmyndin með hagfræðinni sem fræðigrein, að finna út hvernig stuðla mætti að því að heimurinn yrði betri fyrir okkur öll. Markmiðið getur ekki verið að hámarka fjármálalegan hag fárra og vera föst í kreddum kapítalískra sérhagsmuna. Lestur á bókum hennar er ein leiðin til að losna úr þeim. ■

Höfundur er doktor í fjármálum.







PIZZA

Úkraína:

Þjóðin sem neitaði að gefast upp

Um tíu milljón Úkraínumenn hafa lagt á flótta, þar af fjórar milljónir til annarra landa. Sumir hafa tekið að snúa aftur þar sem ólíklegt virðist að landið allt falli. Rússar beina nú sjónum að austurhéruðunum í kringum Donbass og fólk er farið að flýja þaðan, enda ekki von á góðu. Ekki er líklegt að Úkraínumenn vilji semja frið á öðrum forsendum en þeim að Rússar yfirgefi landið.

Eftir Val Gunnarsson
Ljósmyndir: Óskar Hallgrímsson, Gleb Garanich

Natalia frá Kyiv segist á Facebook-síðu sinni um síðustu áramót vonast eftir að árið 2022 verði gott og að helst af öllu langi hana til að ferðast, og vissulega hefur hún ferðast þó varla geti nokkur sagt að árið sé gott. Eftir að hafa farið í gegnum þrjú lönd dvelur hún nú í Portúgal en þráir helst af öllu að snúa aftur heim.

Ilona er nýkomin til Íslands. Hún segist hafa valið landið þar sem fólk með börn vilji helst vera sem næst heimahögunum, svo sem í Póllandi, og vill hún ekki taka pláss frá þeim þar. Sjálf á hún son sem er við nám í Finnlandi en 74 ára móðir hennar kaus að vera eftir.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Ilona flýr stríð. Hún bjó áður í Donetsk og þegar barist var um flugvöllinn þar árið 2014 hljómaði það eins og átökin væru í næsta húsi. Þá flutti hún til höfuðstaðarins Kyiv en kaus aftur að búa sem næst flugvelli, ef vera skyldi að hún þyrfti að flýja á ný – og sú varð reyndin. Hún segist sakna þess að fara í göngutúra í skóginum en langt verði þar til hægt sé að gera það aftur. Skógarnir í kringum Kyiv eru enn fullir af ósprungnum sprengjum þótt Rússarnir séu farnir á brott.

> Á sama tíma virðist rússneski herinn hafa átt við mikla spillingu að stríða, sögur berast af trukkum sem hafa hvorki dekk né bensín og hermönnum sem fá mat sem rann út fyrir áratug en herforingjarnir hafa keypt snekkjur við Miðjarðarhaf fyrir margföld laun sín.

Farartálmar eru víða settir upp í Kyiv til að verjast árásarliði Rússa inn í höfuðborgina. Ljósmynd/Óskar Hallgrímsson

Spilling, bylting, stríð

Stríðið sem nú geisar hófst í reynd árið 2014. Hinum spillta forseta Janúkóvits sem var hallur undir Rússa var steypt af stóli af milljónum mótmælenda í Kyiv sem kusu fremur nánari samskipti við Evrópusambandið. Rússar tóku yfir Krímskaga og í framhaldinu var rússneskumælandi fólk í suður- og austurhéruðum landsins hvatt til að segja sig úr lögum við Úkraínu. Aðeins í þriðjungi tveggja héraða, Donetsk og Luhansk, var kallinu svarað. Aðskilnaðarsinnar tóku yfir stjórnarbyggingar og í kjölfarið braust út stríð.

Úkraína var illa farin eftir spillingu Janúkóvits-áranna og er reiknað með að um fimm milljarðar evra af ríkisfé hafi horfið. Nú kom einnig í ljós að herforingjarnir voru búnir að selja hergögnin og herinn að mestu óstarfhæfur. Í staðinn héldu sjálfboðaliðar af stað. Það tókst að endurheimta Mariupol en þá hófu Rússar að styðja aðskilnaðarsinna með hergögnum. Samið var um vopnahlé en enn var barist, þó víglínan hafi staðið í stað. Allt þar til að kvöldi 21. febrúar þessa árs að Pútín formlega viðurkenndi sjálfstæði aðskilnaðarhéraðanna tveggja og sendi herinn inn. Rúmum tveim sólarhringum síðar hófst allsherjarinnrás í Úkraínu.

Ef til vill hefur það komið mörgum á óvart hve mikill viðnámsþróttur Úkraínumanna hefur verið. Líklega hefur Pútín sjálfur reiknað með því að þetta yrði eins auðvelt og það var að leggja undir sig Krímskagann, sem aflaði honum mikilla vinsælda á heimavelli en endurkoma hans í forsetastól árið 2012 hafði verið afar umdeild og var mikið mótmælt.

Þjóð sameinast

Síðan þá hefur margt breyst. Úkraínuher hefur verið endurreistur, endurþjálfaður og endurvopnaður. Á sama tíma virðist rússneski herinn hafa átt við mikla spillingu að stríða, sögur berast af trukkum sem hafa hvorki dekk né bensín og hermönnum sem fá mat sem rann út fyrir áratug en herforingjarnir hafa keypt snekkjur við Miðjarðarhaf fyrir margföld laun sín.

Meira máli skiptir þó að úkraínska þjóðin var orðin andlega undirbúin fyrir átök. Þó fólk hafi vonað það besta voru flestir meðvitaðir um að þetta gæti gerst, eins og hún Ilona sem kom sér fyrir í grennd við flugvöllinn. Um helmingur þjóðarinnar talar rússnesku að móðurmáli en telja sig Úkraínumenn

Flóttafólk á lestarstöðinni í Kyiv. Gamalt fólk, ungar mæður og börn eru á flótta frá stríðinu í Úkraínu. Ungir menn eru eftir til að berjast á móti innrás Rússa. Fjöldi flóttafólks er nú kominn yfir 3 milljónir. Ljósmynd/Óskar Hallgrímsson

> Ekkert hérað, enginn bær eða borg hafa boðið Rússa velkomna. Mariupol, þétt uppi við rússnesku landamærin og að langmestu leyti rússneskumælandi hefur enn neitað að gefast upp þegar þetta er skrifað í byrjun apríl.

Flóttafólk tekur aðeins það nauðsynlegasta með sér og margir skilja ekki við sig gæludýrin sín. Ljósmynd/Óskar Hallgrímsson.

eins og nú má vera orðið ljóst. Ekkert hérað, enginn bær eða borg hafa boðið Rússa velkomna. Mariupol, þétt uppi við rússnesku landamærin og að langmestu leyti rússneskumælandi, hefur enn neitað að gefast upp þegar þetta er skrifað í byrjun apríl.

Lengi var litið svo á að úkraínska þjóðin væri klofin í tvennt og mátti sjá merki þess í stjórnmálunum. Janúkóvits sótti fylgi til austurhéraðanna en keppinauturinn Júsjenkó (sem eitrað var fyrir í aðdraganda kosninganna 2004) til vesturhéraðanna þar sem flestir tala úkraínsku – en síðan gerðist eitthvað.

Selenskij í hlutverki lífs síns

Líklega má rekja það til 2014. Hin endanlega þjóðaratkvæðisgreiðsla var haldin þegar Rússar hvöttu héruð til að segja sig úr Úkraínu en svo til allir kusu að tilheyra landinu enn, nema í Donetsk og Luhansk. Reynslan þar hefur síðan ekki verið til að afla Rússum mikils fylgis. Úkraínumenn eru og vilja vera Úkraínumenn. Það hefur lengi loðað við úkraínska stjórnmálamenn að vera spilltir og sjást með Rolex úr og Prada töskur þrátt fyrir að vera með sem nemur íslenskum lágmarkslaunum á mánuði. Þegar Selenskij var kosinn forseti árið 2019, leikari með litla reynslu af stjórnmálum en fékk mikið fylgi, átti það einmitt að vera til að ráða bót á þessu.

„Í ljós kom að hryllileg fjöldamorð höfðu verið framin í bænum Bucha og mörghundruð manns tekin af lífi með köldu blóði.“ Úkraínskir hermenn ganga niður „Tank alley“ í bænum Bucha. Ljósmynd/Óskar Hallgrímsson

Hvorki gekk né rak hjá honum fyrstu árin, hæstiréttur ógilti lagasetningu gegn spillingu og vinsældir Selenskijs dvínuðu. En þegar stríðið hófst kom á daginn að Selenskij var einmitt maðurinn sem þjóðin þarfnaðist. Sumir forsetar hefðu líklega flúið í þyrlu með fullar töskur fjár eins og Janúkóvits gerði árið 2014, en Selenskij kaus að vera um kyrrt. Það aflaði honum mikillar virðingar og hefur hann stappað stálinu í fólk. Sem rússneskumælandi úr austurhéruðunum er hann einmitt rétti maðurinn til að sameina þjóðina og þar sem hann er gyðingur slær það á helstu samsæriskenningar um meintan nasisma Úkraínumanna.

Fjöldamorð og flóttamenn

Á meðan geisar stríðið. Fyrstu dagana hernámu Rússar um tíu prósent landsins en síðan hefur hvorki gengið né rekið hjá þeim. Þar sem Pútín getur hvorki knúið Úkraínumenn til uppgjafar né sigrað þá í beinum bardögum beitir hann sömu brögðum og áður í Téténíu, að leggja borgir í rúst með tilheyrandi hörmungum fyrir óbreytta borgara. Jafnvel Rauði krossinn segist hafa haft betri aðgang að afskekktum hlutum Jemen en umsetnum borgum Úkraínu.

Rússar drógu sig til baka frá svæðinu norðan við Kyiv enda ljóst að þeir gætu ekki hertekið borgina. Í ljós kom að hryllileg fjöldamorð höfðu verið framin í bænum Bucha og mörg hundruð manns tekin af lífi með köldu blóði. Ekki er líklegt að þetta geri annað en að stappa stálinu enn frekar í Úkraínu-

> “
>
> Um tíu milljón Úkraínumenn lögðu á flótta, þar af fjórar milljónir til annarra landa. Sumir hafa tekið að snúa aftur þar sem ólíkt virðist að landið allt falli. Rússar beina nú sjónum að austurhéruðunum í kringum Donbass og fólk er farið að flýja þaðan, enda ekki von á góðu. Ekki er líklegt að Úkraínumenn vilji semja frið á öðrum forsendum en þeim að Rússar yfirgefi landið.

menn. Bærinn Irpin hefur einnig verið frelsaður og þar hefur tiltektarstarf þegar hafist.

Um tíu milljón Úkraínumenn lögðu á flótta, þar af fjórar milljónir til annarra landa. Sumir hafa tekið að snúa aftur þar sem ólíklegt virðist að landið allt falli. Rússar beina nú sjónum að austurhéruðunum í kringum Donbass og fólk er farið að flýja þaðan, enda ekki von á góðu. Ekki er líklegt að Úkraínumenn vilji semja frið á öðrum forsendum en þeim að Rússar yfirgefi landið. Pútín er ólíklegur til að samþykkja slíkt. Stríðið hefur verið kostnaðarsamt og eitthvað verður hann að sýna fram á að hann hafi áorkað, enda ferill hans að öllum líkindum í húfi.

Upp á líf og dauða

Strax frá fyrsta degi stóð öll úkraínska þjóðin á móti og allir íbúarnir vinna nú að sigri með einum eða öðrum hætti. Flestir karlmenn fara í herinn en þó eru um 15 prósent liðsmanna konur og aðrir styðja við þá eins og þeir geta. Ekkert sambærilegt er líklegt að gerist í Rússlandi, enda tilvist þjóðarinnar ekki í húfi. Fólk þar tekur helst eftir hækkandi vöruverði og nærist annars á falsfréttum í sjónvarpi sem segja Bandaríkjamenn framleiða kórónuveiru í verksmiðjum í Úkraínu.

“

Strax frá fyrsta degi stóð öll úkraínska þjóðin á móti og allir íbúarnir vinna nú að sigri með einum eða öðrum hætti. Flestir karlmenn fara í herinn en þó eru um 15 prósent liðsmanna konur og aðrir styðja við þá eins og þeir geta.

Börn horfa út úr flóttamannalest frá Kyiv til Lviv þegar þau kveðja föður sinn á aðallestarstöðinni í Kyiv í miðborginni. Ljósmynd/Gleb Garanich

Vonandi verður stríðinu lokið þegar þetta birtist og það tekið sinn stað í sögubókunum við hlið allra hinna hörmunganna. Ef ekkert slíkt kraftaverk gerist og barist verður áfram þekkir sagan þó fá dæmi þess að hægt sé að undiroka þjóð sem ekki vill láta undiroka sig.

Í millitíðinni hafa hundruð Úkraínumanna komið hingað til lands. Ilona, líkt og Natalia í Portúgal, búa svo vel að vinna netleiðis og geta því flutt starfið með sér. Aðrir eru ekki svo heppnir en nánast allir óska eftir að komast í vinnu sem fyrst. Flesta dreymir um að komast á endanum heim, en við skulum taka vel á móti þeim meðan á dvölinni stendur. ■

Þórshöfn í Færeyjum.

Færeyingar vilja stytta vinnuvikuna

Eftir Axel Jón Ellenarson

Færeyingar hyggjast stytta vinnuvikuna í 37 klst. og samkvæmt könnun sem Starvsfelagid lét gera fyrir sig kemur fram mikill vilji launafólks á opinberum vinnumarkaði í Færeyjum að stytta vinnuvikuna um þrjár klukkustundir. Í könnuninni kemur fram að nettókostnaður við að stytta vinnuvikuna í 37 klukkustundir er 104,4 milljónir danskra króna. Þeir stjórnmálamenn sem hafa talað gegn styttingu vinnuvikunnar þar í landi hafa haldið því fram að það muni kosta atvinnurekendur 750 milljónir danskra króna, en reyndin er önnur samkvæmt Starvsfelaginu. Þetta kom fram á blaðamannafundi sem haldinn var í Smærunni.

Könnunin sýnir að styttri vinnuvika þýðir minna álag á starfsfólk, færri veikindadaga og batnandi lífskjör. Starvsfelagið segir að styttri vinnuvika sé góð fyrir samfélagið allt, sumir undirstrika að nauðsynlegt sé að stytta vinnuvikuna og full alvara fylgir því að klára verkefnið. Stéttarfélögin í Færeyjum fagna því að kostnaðurinn sé minni en áður var spáð og nú verður hafið samstarf við stjórnvöld um styttingu vinnuvikunnar svo launafólk í Færeyjum verði samkeppnishæfara í harðri samkeppni um vinnuafl.

Könnunin byggir á grunni 5.630 opinberra starfsmanna, þar af 4.448 hjá ríkinu og 1.182 hjá sveitarfélögum. Jan Otto S. Holm, MA í fjármálum, og Regin Berg, stjórnmálafræðingur, höfðu umsjón með framkvæmd könnunarinnar: „37 stunda vinnuvika, kostir og gallar“ fyrir átta stéttarfélög á opinberum vinnumarkaði.

Í febrúar síðastliðnum undirrituðu Fakfelagssamstarvið (samstarf sjö verkalýðsfélaga í opinbera geiranum) samstarfssamning við stéttarfélag heilbrigðisstarfsmanna, Heilsuhjálparafélag Føroya, með það að markmiði að styrkja kjarabaráttu opinberra starfsmanna og vinna að því að stytta vinnuvikuna þar í landi.

8.000 starfsmenn í Færeyjum eru nú í Fakfelagssamstarvinu. Samstarf þessara stéttarfélaga snýst um að tryggja alltaf öll réttindi launafólks eins og hægt er. Samstarfssamningurinn verður grundvöllur Fakfelagssamstarfsins til frambúðar og sameinar aðildarfélögin sem eina sterka heild þar sem aðildarfélögin munu eiga nánara samstarf á vinnumarkaði. Tilgangur þess er eftirfarandi: „Félag verkalýðs á að hafa meiri völd í samfélaginu og hafa áhrif á viðkomandi samfélagsmál.“ Fakfelagssamstarvið mun beita sér af krafti fyrir styttri vinnuviku og að efla geðheilbrigðismál á vinnustöðum félagsmanna. ■

Ævintýri
með ferðaávísun

Ferðaávísun veitir nú aðgang að spennandi ævintýra- og gönguferðum með Ferðafélagi Íslands, Útivist og Fjallafjöri. Sem fyrr njóta félagsmenn sérkjara í krafti fjöldans en Ferðaávísun má nota allt árið um kring. Félagsmönnum gefst nú gullið tækifæri á að fara í skipulagðar ferðir um íslensk fjöll og firnindi.

Gisting um land allt. Með ferðaávísun nýtur þú sérstakra tilboðskjara á gistingu hjá fjölmörgum samstarfsaðilum um allt land.

Ferðaávísun fæst keypt á orlofsvef Sameykis. Þar má finna nánari upplýsingar um þær ferðir og gistingu sem samstarfsaðilar okkar bjóða upp á.

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis með fulltrúum þeirra stofnana ríkisins sem hlutu viðurkenningar Fyrirmyndarstofnun ársins 2021.

Stofnun ársins 2021

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu tilkynnti um valið á Stofnun ársins 2021 á hátíð sem haldin var 16. mars en titlana Stofnun ársins og Stofnun ársins – borg og bær hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr í þeim þáttum sem könnun Sameykis náði yfir að mati starfsmanna þeirra.

Stofnanir ársins 2021 eru: Heilsustofnun NLFÍ, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Jafnréttisstofa og Frístundamiðstöðin Tjörnin. Hástökkvarar ársins eru Ríkiskaup og Frístundamiðstöðin Miðberg.

Könnunin náði til um 31 þúsund starfsmanna í opinberri þjónustu, bæði hjá ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum. Hún er unnin í samstarfi við Fjármála- og efnahagsráðuneytið og gefur mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á opinbera vinnumarkaðnum. Í henni eru þátttakendur spurðir út í níu þætti í starfsumhverfinu, þ.e. trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju, stolt og jafnrétti. Markmiðið með að velja fyrirmyndarstofnanir er að hvetja stjórnendur stofnana til að huga að mannauðsmálum og auka umræðu um aðbúnað og líðan starfsmanna á vinnustöðum. Alls fengust gild svör frá rúmlega 13.300 starfsmönnum og svarhlutfallið var 43 prósent.

Niðurstöðurnar voru kynntar að loknu vel heppnuðu málþingi um mannauðsmál og var yfirskrift þess Vellíðan og vöxtur með betri vinnutíma.

Val á stofnun ársins

Val á stofnun ársins fer þannig fram að valin er stofnun með hæstu heildareinkunn sem uppfyllir þátttökuskilyrði úr þremur stærðarflokkum og bera þessar þrjár stofnanir heitið Stofnun ársins. Stærðarflokkarnir eru stofnanir með færri en 40 starfsmenn, stofnanir með 40–89 starfsmenn og stofnanir með 90 eða fleiri starfsmenn.

Eftirfarandi stofnanir hljóta titilinn Stofnun ársins og Stofnun ársins – borg og bær en þeim er skipt niður eftir stærð stofnana.

Stofnun ársins 2021 – borg og bær: Frístundamiðstöðin Tjörnin
Hástökkvari ársins 2021: Frístundamiðstöðin Miðberg

Stofnun ársins 2021 – ríkisstofnanir og sjálfseignarstofnanir:
Heilsustofnun NLFÍ (90 starfsmenn eða fleiri)
Menntaskólinn á Egilsstöðum (40–89 starfsmenn)
Jafnréttisstofa (færri en 40 starfsmenn)
Hástökkvari ársins 2021: Ríkiskaup

Fyrirmyndarvinnustaðir

Auk þess að velja stofnun ársins í þessum flokki eru einnig valdir fjórir fyrirmyndarvinnustaðir. Auk Tjarnarinnar eru það Frístundamiðstöðin Gufunesbær, Norðlingaskóli, Frístundamiðstöðin Miðberg og Orkuveita Reykjavíkur sem verma efstu fimm sætin. Flestar þessara stofnana hafa vermt efstu sæti listans um árabil.

Fyrirmyndarstofnanir – borg og bær:
1. Frístundamiðstöðin Tjörnin
2. Frístundamiðstöðin Gufunesbær
3. Norðlingaskóli
4. Frístundamiðstöðin Miðberg
5. Orkuveita Reykjavíkur

Fulltrúar þeirra stofnana hjá borg og bæ sem hlutu viðurkenningar Fyrirmyndarstofnun ársins 2021 á hátíðinni Stofnun ársins 2021.

Fyrirmyndarstofnanir (90 starfsmenn og fleiri):
1. Heilsustofnun NLFÍ
2. Fjármála- og efnahagsráðuneytið
3. Fjölbrautaskóli Suðurnesja
4. Menntaskólinn við Hamrahlíð
5. ÁTVR (Vínbúðin)

Fyrirmyndarstofnanir (40–89 starfsmenn):
1. Menntaskólinn á Egilsstöðum
2. Ríkisendurskoðun
3. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
4. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
5. Skógræktin

Fyrirmyndarstofnanir (færri en 40 starfsmenn):
1. Jafnréttisstofa
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
3. Menntaskólinn á Tröllaskaga
4. Geislavarnir ríkisins
5. Héraðsdómur Reykjanes

Fyrirmyndarstofnanir

Í hverjum stærðarflokki hljóta efstu fimm stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnanir. Gaman að segja frá því að nokkrir nýliðar eru á listanum. Fjármála- og efnahagsráðuneytið vermir annað sæti listans á eftir Heilsustofnuninni (NLFÍ). Fjármála- og efnahagsráðuneytið var í 22. sæti stórra stofnana í síðustu mælingu og tekur því stórt stökk upp á við. Fjölbrautaskóli Suðurnesja er í þriðja sæti listans, en var í 7. sæti stórra stofnana í síðustu mælingu. Menntaskólinn við Hamrahlíð er í fjórða sæti listans, en skólinn var í 5. sæti stórra stofnana í síðustu mælingu. Í fimmta sætinu er svo ÁTVR eða Vínbúðin, sem um þessar mundir fagnar 100 ára afmæli. Vínbúðin var í 10. sæti stórra stofnana í síðustu könnun. Heilsustofnun NLFÍ, sem sigrar núna, var í 23. sæti í flokki stórra stofnana í síðustu mælingu. Hér er því um mikið og gott stökk hjá henni að ræða.

Einkunnir þáttanna níu meðal stofnana á lista

Meðaleinkunn stofnana (ríkis- og sjálfseignarstofnanir) sem komust á lista er 4,04 og stendur einkunnin í stað milli ára. Níu þættir liggja að baki heildareinkunninni. Einn þáttur lækkar lítillega frá í síðustu mælingu og er það „sveigjanleiki vinnu“ (-0,06). Tveir þættir hækka lítillega, „ímynd“ (0,04) og „launakjör“ (0,04).

Meðaleinkunn í Stofnun ársins – borg og bær mælist hærri en hjá ríkis- og sjálfseignarstofnunum, eða 4,14 og hefur heildareinkunnin aldrei mælst hærri. Meðaleinkunn stofnana sveitarfélaga og fyrirtækja borgarinnar hefur verið lítið eitt hærri en hjá ríki og sjálfseignarstofnunum síðustu þrjú ár.

Hjá ríkisstofnunum og sjálfseignarstofnunum mælist jafnréttisþátturinn hæstur þáttanna níu í þriðja sinn (4,29). Einkunn á þættinum stendur í stað frá fyrra ári en þátturinn hefur hækkað mikið frá því að hann var fyrst mældur (2016). Næstir koma „starfsandi“ og „sjálfstæði í starfi“ – báðir með sömu einkunn (4,24).

Hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum borgarinnar er jafnréttisþátturinn einnig hæstur (4,41) í þriðja sinn. Þátturinn hefur einnig hækkað mikið frá því að hann var fyrst mældur í könnuninni. Næsthæsta einkunn mælist á „starfsanda“ (4,37) og svo „ánægju og stolti“ (4,36). Mikil breyting verður á mati á launakjörum milli ára. Sá þáttur hækkar um hvorki meira né minna en 0,38 frá því í síðustu könnun, en þess ber að geta að stofnanir í ár eru fáar og færri en í síðustu mælingu og því færri svarendur sem liggja að baki tölunum. Hægt er að skoða ítarlegar greiningar á könnuninni á vef Sameykis.

Sameyki óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með glæsilegan árangur og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni. ■

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar.

Stjórnendur eru ekki eyland

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Guðrún Kaldal er framkvæmdastjóri Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar sem hlaut viðurkenninguna Stofnun ársins 2021. Tjörnin hefur áður sýnt góðan árangur í mannauðsstjórnun og verið í efstu sætunum í könnuninni Stofnun ársins undanfarin ár. Frístundamiðstöðin Tjörnin var valin Stofnun ársins árin 2017 og 2019 og hefur alltaf hlotið tilnefninguna fyrirmyndarstofnun. Þessi góði árangur í mannauðsmálum er eftirsóknarverður í ljósi þess að könnunin varðar vellíðan og ánægju meðal starfsfólks.

Innleiðingarferli lykill að árangri

Hlutverk Guðrúnar sem framkvæmdastjóri felst í að innleiða á vinnustaðinn stefnu í mannauðsmálum og rekstri sem stjórnvöld ákveða hverju sinni. Hún segir að til að innleiða stefnu sem í þessu tilfelli Reykjavíkurborg setur sé þekking á því sviði mikilvæg svo hún gangi vel. Að því þarf að vinna með það að markmiði að innleiðingin sé stefnumiðuð skref fyrir skref í innleiðingarferlinu.

„Það skiptir máli í innleiðingu á stefnu að verkefnið sé unnið stefnumiðað. Stefnan er ekki bara einhver tilviljun heldur að við séum að vinna eftir fyrirfram stefnumiðuðu kerfi í hvernig vinnustaðurinn innleiðir stefnuna. Það er mitt hlutverk að innleiða þessa stefnu og skapa á vinnustaðnum fyrir starfsfólkið þá möguleika að þeir nái árangri í sínum störfum, nýti sér verkfæri stefnunnar og séu faglegir. Við höfum tileinkað okkur þetta hér á vinnustaðnum og setjum okkur markmið, skilgreinum ábyrgðarhlutverk og mælum svo árangurinn af því með t.d. viðhorfskönnunum, talningum og fleiri slíkum mannauðslausnum.“

Dans og tónlist góður bakgrunnur

Guðrún segir að hún sé mjög félagslynd í eðli sínu og sé stolt af þeirri menntun sem hún hefur sótt sér en jafnframt segir hún að styrkur sé í því að hún hafi verið mjög virk í félagslífi og tekið þátt í fjölbreyttum tómstundum sem barn og unglingur. Þá hafi hún æft og keppt í dansi og orðið Íslandsmeistari í Freestyle-dansi 1986 í Tónabæ sem var og hét. Hún hafi leikið á píanó og dansað mikið og þessi athafnasemi æskunnar hafi mótað hana.

„Vegna bakgrunns míns og menntunar valdi ég að starfa á þessum vettvangi, en ég er menntuð íþróttakennari í grunninn og hef grunnskóla- og framhaldsskólakennaramenntun að auki. Ég bætti svo við mig diplómanámi í stjórnunar- og stefnumótun og að auki meistaranámi í opinberri stjórnsýslu. Nú nýlega lauk ég svo viðbótardiplómu á meistarastigi í tómstunda- og félagsmálafræðum. Eins og þú heyrir hef ég gaman af að auka við þekkingu mína og takast á við verkefnin. Í frístundastarfinu er mikil þátttökustjórnun og lýðræðisleg vinnubrögð sem ég legg áherslu á. Frístundamiðstöðvar hafa mikið svigrúm til athafna og það er þess vegna sem við getum átt mikilvæg samtöl við þau sem hérna njóta þjónustunnar og um hvert sé stefnt í uppeldisumhverfi með börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra."

Starfið byggir á góðum samskiptum

Guðrún segir að stór hluti af velgengni í frístundastarfi sé gott samstarf við börn og unglinga og fjölskyldur þeirra.

„Í frístundastarfi skiptir öllu máli að samstarfið við börn og unglinga sé gott og þau finni að þau njóta trausts og virðingar. Einnig að starfsmenn frístundamiðstöðvarinnar læri að vinna eftir lýðræðislegum leiðum með börnum og unglingum. Þetta er þroskastarf. Ég er búin að vera í þessum bransa í 30 ár og hef unnið næstum í öllum störfum hjá frístundamiðstöðvum á þessum tíma. Í dag vinnum við mannauðsmálin jafnt með starfsfólki og skjólstæðingum. Það er mjög mikilvægt vegna þess að með þeim hætti lærir starfsfólkið einnig að nýta sér mannauðsmál fyrir sjálft sig og hafa þannig áhrif á framgang í sínum störfum."

Guðrún bendir á að innan vinnustaðarins sé ekki stéttaskipting þó að ákveðið stigveldi sé auðvitað til staðar. Þrátt fyrir að hún sé stjórnandi tekur hún jafnan þátt í öllum störfum með starfsfólkinu. Mikil áhersla er lögð á félagslega þáttinn meðal starfsfólksins og andinn á vinnustaðnum er slíkur að þar ríkir jafnræði, samkennd, auðmýkt og virðing fyrir fólki og verkefnum. Einnig er mikilvægt að stjórnendur séu heiðarlegir, standi við það sem sagt er og fylgi eftir ákvörðunum af heiðarleika og hugrekki.

„Hjá okkur ríkir jafningjastjórnun og jafnrétti, hjá okkur starfar fólk af ólíkum uppruna af 28 mismunandi þjóðernum á mjög dreifðu aldursbili og við fögnum því. Þetta fólk er með fjölbreytta menntun, allt frá háskólamenntun yfir í grunnskólamenntun, sumir jafnvel ekki lokið grunnskólaprófi. Hér eru þó allir jafnir burt séð frá menntun, kyni, aldri o.s.frv. Hjá frístundamiðstöðinni er hefð að búa til vinnustaðarsáttmála sem er virtur. Einnig er gerður í upphafi starfsráðningar slíkur sáttmáli milli starfsfólks og stjórnenda. Í þessum sáttmála er rætt um hvernig vinnustaðurinn eigi að vera, hvernig samskiptin eigi að vera og lagðar áherslur fyrir starfið framundan. Í þessu sambandi hefur könnun Sameykis nýst okkur gríðarlega vel og er meðal þeirra gagna sem við notumst mikið við þegar við erum að búa til umbóta- og starfsáætlun fyrir starfsárið."

Stofnun ársins er uppskeruhátíðin okkar

Hún segir að starfsfólkinu finnist gaman að taka þátt í könnuninni Stofnun ársins og reyni saman að ná góðum árangri í könnuninni.

„Okkur finnst líka mjög gaman að komast í veisluna, við lítum á hana sem nokkurs konar uppskeruhátíð fyrir okkur, þá er einnig alltaf gaman að fara á málþingið á undan. Stofnun ársins er auðvitað góð og jákvæð kynning fyrir Frístundamiðstöðina Tjörnina og almennt fyrir frístundastarf í Reykjavíkurborg. Við vinnum mikið með að virkja félagsauðinn sem býr í starfsmannahópnum og við leggjum mikla áherslu á að skapa skemmtilegt og gefandi vinnuumhverfi. Við höldum viðburði fyrir starfsfólkið reglulega og það er svo ánægjulegt að sjá að það mæta alltaf allir. Við hlökkum til að hittast öll saman og njóta samverunnar og hafa gaman. Það er líka þannig að það fólk sem velst í svona störf hefur áhuga á öðru fólki og vil ég segja að hérna er mjög gefandi og skemmtilegur starfsmannahópur. Það er sterk liðsheild hérna, mikil valdefling sem birtist í að fólk hefur mikið um það að segja hvernig starfi þess er háttað en þó innan stefnunnar sem ég ræddi um áðan. Hér er vinnusamt fólk sem leggur mikið á sig."

„Við vinnum mikið með það að virkja félagsauðinn sem býr í starfsmannahópnum og við leggjum mikla áherslu á að skapa skemmtilegt og gefandi vinnuumhverfi."

Góð gildi endurspegla góðan vinnustað

Guðrún segir að þessi árangur sem hefur náðst byggist á samheldni starfsfólksins og gildi vinnustaðarins séu í hávegum höfð.

„Við erum búin að koma okkur upp kerfi sem virkar, fólkinu okkar líður vel, við vinnum eftir stefnu setjum okkur markmið og vinnum saman að þeim. Aðrar kannanir Reykjavíkurborgar í mannauðsmálum eru líka alveg í takti við niðurstöður í könnuninni Stofnun ársins. Okkar gildi eru framsækni, fjölbreytileiki og umhyggja. Þessi gildi eru í huga okkar alla daga í öllum okkar störfum og þannig viljum við alltaf vinna með okkar fólki. Enginn stjórnandi stendur einn," segir Guðrún að lokum. ■

Björgvin Víkingsson, forstjóri Ríkiskaupa.

Gjörbreytt Ríkiskaup

HÁSTÖKKVARI ÁRSINS 2021

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Björgvin Víkingsson er forstjóri Ríkiskaupa og hefur gegnt því starfi frá haustmánuðum árið 2020. Vinnustaðurinn hlaut viðurkenninguna Hástökkvari ársins á hátíðinni Stofnun ársins og stökk hann upp um 68 sæti í könnuninni. Björgvin segir að það hafi verið meðvituð ákvörðun alls starfsfólksins að ná árangri í könnuninni Stofnun ársins. Ákveðin var stefnubreyting með starfsfólkinu hjá stofnuninni um að leggja mikla áherslu á umbætur í mannauðsmálum og hafist var handa við að endurskipuleggja stofnunina frá grunni og breyta viðhorfum til þess hvernig starfsfólk og stjórnendur stofnunarinnar sinna sínum verkefnum.

Áhersla er lögð á samvinnu og sjálfstæði í verkefnavinnunni í stefnubreytingunni fyrir stofnunina og aukið frelsi starfsfólksins varðandi viðveru á vinnustaðnum. Einn þáttur í að auka frelsið og sjálfstæðið var að sleppa stimpilklukkunni því stofnunin tekur tillit til mismunandi aðstæðna hjá fólki, sumir þurfa t.d. að sinna börnum og fjölskyldu á þeim tíma sem þeir voru vanir að stimpla sig inn á morgnana, aðrir vilja sinna vinnunni heima hjá sér o.s.frv. Björgvin segir að vinnuskyldan sé ekki aðalatriðið heldur verkefnaskilin, samvinna fólksins og stjórnendanna sem þurfa að hafa þekkingu, hæfileika og skilning á misjöfnum þörfum fólks.

Mjúk nálgun í mannauðsmálum kveikti áhugann

Björgvin er 39 ára og er fæddur á Akureyri en fluttist ungur í Hafnarfjörð þar sem hann býr núna með fjölskyldu sinni. Hann er frjálsíþróttamaður að upplagi þar sem hann keppti um tuttugu ára skeið í íþróttinni hér heima og í útlöndum og hefur það verið honum góður skóli í lífinu. Björgvin er með BS-próf í verkfræði og með meistarapróf í áfangakeðjustjórnun. Hluta af verkfræðináminu tók hann í Sviss en meistaraprófið í Bandaríkjunum þar sem hann fékk sérstakan áhuga á umbótum í mannauðsmálum og rekstri.

„Ég hafði ekki lesið eina einustu bók mér til gamans í náminu fyrr en ég hóf meistaranámið 26 ára gamall. Mér fannst þessi umbótahugsun mjög spennandi hvað varðar stjórnun og stjórnendapælingar almennt. Ég fór á kaf í að fræðast um það sem menn kalla stundum stjórnun 2.0, sem er ekki þetta klassíska stjórnunarmódel sem flestir þekkja, heldur þessi mjúka nálgun á mannauð sem felst frekar í beinni þátttöku stjórnandans í verkefnum og líðan mannauðsins.“

Vinnustaður framtíðarinnar

Þó Björgvin sé titlaður forstjóri segist hann líta á sitt hlutverk að innleiða breytingarvegferð Ríkiskaupa og vera einn af starfshópnum – jafningi. „Ég er hérna því að viljum taka skref fram

á við í að skapa vinnustað framtíðarinnar, þá er ég ekki aðeins að tala um verkefnin sem við erum að fást við, heldur vinnuaðstæður, móral á vinnustaðnum, líðan fólksins og þátttökustjórnun. Mitt verkefni er að leiða það verkefni áfram en það er starfsfólkinu hérna að þakka fremur en mér einum að við komust þangað," útskýrir hann.

Björgvin og samstarfsfólk hans lögðu línurnar um að vinnustaðurinn yrði vinnustaður framtíðarinnar þegar hann hóf störf og eitt af markmiðunum sem þau settu sér var að stofnunin næði langt í könnuninni Stofnun ársins. „Það var eitt af útgefnum markmiðum okkar að verða Stofnun ársins og Hástökkvari ársins er frábært skref í áttina að því, og þessi viðurkenning sýnir okkur að viljinn til þess að verða valin Stofnun ársins er fyrir hendi hjá okkur. Það skiptir máli fyrir okkur að áhuginn sé einlægur og byggður á staðreyndum í mannauðsmálum. Nú er síðan verkefnið hvernig við náum að komast alla leið á toppinn," segir hann hlæjandi.

Ráðgjöf vaxandi þáttur

Hlutverk Ríkiskaupa er fjölbreytt en meginhlutverk þess er útboð á vegum ríkisins, sala á fasteignum, innkaup á ákveðnum tækjum fyrir stofnanir o.fl.

„Við fylgjum ákveðnum útboðsskyldum sem gerðar eru samkvæmt lögum um að innkaup verði að framkvæma eftir viðmiðunarfjárhæðum og framkvæma innkaup eftir útboðum sem tryggja hagsmuni allra aðila á markaði. Hins vegar erum við að færa stofnunina eftir nýrri stefnu sem felst í að veita ráðgjöf til stofnana vegna innkaupa. Þá geta stofnanirnar leitað til Ríkiskaupa og fengið ráðgjöf hvernig þær geta bætt sig og þannig bætt sína þjónustu í kjölfarið, og um leið orðið sjálfstæðari í ráðstöfun hvernig þær nýta fjármuni sína. Við gegnum líka vaxandi hlutverki að veita ráðgjöf til stofnana sem eru að leita að tækifærum í rekstri sínum, þá eigum við að vera með gögn yfir alla heildina og geta komið auga á hvar sé tækifæri til að bæta rekstur stofnunarinnar. Við erum að taka fyrstu skrefin í þessari þjónustu sem mun eiga ríkan þátt í hlutverki Ríkiskaupa í framtíðinni. Þetta er löng vegferð í að safna gögnum en um leið þurfa stofnanirnar að vera tilbúnar að eiga samtalið með okkur. Þetta flokkast undir mannauðsmál sem snýst um sérfræðiþekkingu og þá þarf starfsfólkið að vilja vera með í þessari vegferð svo hún heppnist."

Mikil stefnubreyting

Hjá Ríkiskaupum starfar fjölbreyttur hópur, allt frá lögfræðingum, hagfræðingum, verkfræðingum og viðskiptafræðingum ásamt fólki með aðra menntun, enda engin takmörk fyrir því hvernig starfsmannahópurinn er uppbyggður. Björgvin segir samt að menntun sé ekki aðalatriðið heldur hæfni og reynsla.

„Nú má sjá að allar okkar auglýsingar gera ekki kröfur um menntun. Við gerum ekki kröfu um háskólagráður heldur hvort fólk hafi reynslu í að gera það sem við þurfum að gera. Það er mikill fjöldi af sjálflærðu fólki sem hefur mikla þekkingu í t.d. greiningarvinnu án þess að vera með til þess háskólapróf. Fólk getur haft næga þekkingu og hæfni án þess að hafa upp á vasann til þess háskólapróf. Til að geta valið hæft starfsfólk þurfum við að geta greint þörfina og hæfni hvers og eins til starfanna. Mannauðinn þarf að greina um leið og innleiðing breytts hlutverks stofnunarinnar um að veita ráðgjöf fer fram, en ekki einungis að vera útboðsstofnun. Þetta er stór aðgerð að breyta stofnuninni og þjálfa hæfni starfsfólksins. Þetta er í raun rosaleg stefnubreyting og kemur mér skemmtilega á óvart hvað allir hérna eru tilbúnir í þessar breytingar hjá stofnun sem er 72 ára gömul," segir Björgvin.

Fagleiðtogar sem hjálpa

Björgvin segir sig hafa verið heppinn að fá gott samstarfsfólk með sér í að innleiða stefnubreytinguna hjá Ríkiskaupum. „Ég var rosalega heppinn að fá hingað í upphafi ferilsins inn frá ríkinu Söru Lind Guðbjartsdóttur, sviðsstjóra stjórnunar og umbóta, til að aðstoða okkur í mannauðsmálum, greina þarfir og hefja innleiðingu á þeim miklu breytingum sem ákveðnar voru. Hún hefur gríðarlega mikla þekkingu í mannauðsmálum og við ákváðum að endurskilgreina starfslýsingarnar, gera þær áhrifaríkari

„Í dag má sjá að allar okkar auglýsingar gera ekki kröfur um menntun. Við gerum ekki kröfum um háskólagráður heldur hvort fólk hafi reynslu í að gera það sem við þurfum að gera."

þannig að þær segi ekki lengur hvað eigi að gera, heldur að kjarna það hvað er að vera fagleiðtogi sem þjónar teyminu og hvernig samskiptin á vinnustaðnum skuli vera. Þetta snýst um þjónandi leiðtogahugsun.

Fagleiðtogar eru sérfræðingar í að hjálpa öðrum til að ná árangri sem skiptist t.d. í nokkra hópa sem fagleiðtogar leiða. Fagleiðtogi sem leiðir hóp eitt hjálpar sérfræðingi eða fagleiðtoga sem leiðir hóp tvö í verkefnum og þannig koll af kolli eykst þekking hópanna. Hver fagleiðtogi þarf þó að hafa ákveðna þekkingu, og þeir eiga að hjálpa hver öðrum á jákvæðan og hvetjandi hátt. Margt annað er í uppbyggingu hjá okkur í mannauðsmálum sem við byggjum miklar vonir við því okkur langar ekki til að fara til baka í gamla stjórnunarstílinn, að skipa fyrir og stjórna fólki. Við viljum ekki vera þar, heldur að skapa miklu meira frelsi fyrir einstaklinginn og sýna honum traust og virðingu. Þannig má segja að við viljum, og séum að skapa risastóra kúlu af frelsi eða athafnafrelsi fyrir starfsfólkið," segir Björgvin Víkingsson að lokum. ■

Háhitareykt kjúklingataco

Eftir Harald Jónasson

Þetta Taco á frekar ættir að rekja í Mosfellsbæinn en til Mexíkó. Kjúklingalæri heitreykt á grilli í rúman klukkutíma. Borið fram í úrklippu af hveititortíu með fersku þurru hrásalati og kóríander-hvítlaukssósu og er tilvalið að skella í sig áður en farið er í 1. maí kröfugöngu.

Þurrt hrásalat

Skerið slatta af blöðum eða kannski um ¼ af hvítkálshaus í þunnar ræmur, hálfan lauk líka þunnt skorinn og svo eins og einn chilialdin. Því næst er uppáhalds súru gúrkukrukkan tekin fram og 5-10 skífur, eftir smekk, saxaðar smátt. Þetta er allt hrært saman í skál ásamt klípu af salti og slettu af safanum af gúrkunum. Ekki stórri slettu, þetta á að vera frekar þurrt. Þetta er svo geymt í að minnsta kosti klukkutíma, best yfir nótt. Súru gúrkurnar og saltið draga vökva úr lauknum og hvítkálinu sem mýkist og blandast allt í ferskt draumasalat.

Hvítlauks- kóríandersósa

Majónes, fimm matskeiðar eða svo blandað við tvær af rjómaosti, eitt kreist hvítlauksrif og lúkufyllli af söxuðu kóríander. Þeim sem finnst kóríander bragðast eins og sápa nota steinselju eða eitthvað annað grænt sem þeim þykir gott. Blandað saman með safa úr hálfu lime eða svo ásamt smá af berkinum. Skafa það af með fínu rifjárni og passa að ekkert af þessu hvíta sem er undir þessu græna komi með. Það er biturt. Gott að láta sósuna standa í að minnsta kosti klukkutíma til þess að þetta blandist allt saman. Fínt líka að gera daginn áður.

Reykur er bragð

Til að reykja á grilli þarf eitthvað sem skapar reyk og einfaldast er að verða sér út um harðviðarspæni eða kubba. Það er til í öllum búðum sem selja grill. Ekki nota neitt úr garðinum. Þeir sem ætla að reykja nágrennið í spað í allt sumar geta keypt sérstök box til að setja spæninn í en þeir sem rétt eru að dýfa stóru tánni í reykinn pakka þeim inn í álpappír með nokkrum götum á. Sumir leggja viðinn í bleyti en hver nennir því? Passa bara að það kvikni ekki mikið í og þá erum við að dansa.

Kjúllinn

Kjúklingalæri, einn bakki eða svo, eru smurð örlítið með hlutlausri olíu og svo hjúpuð í blöndu af eins og matskeið af chilidufti, pipar og salti, teskeið af cummindufti, laukdufti, hvítlauksdufti og koríanderfræjum í duftformi. Herlegheitin eru svo sett á sirka 150-180 gráðu heitt grill á óbeinan hita. Það þýðir að hitinn er ekki undir matnum heldur í við hliðina. Hægt að gera bæði á gas- og kolagrilli. Reykboxið eða álpappírspokinn er hins vegar settur beint á eldinn til að skapa reykinn.

Trixið er þetta: Þið eruð að heitreykja við háan hita og kjúklingurinn er ekki tilbúinn þegar hann nær 72 gráðu hita eins og venjulega heldur erum við viljandi að ofelda kjúklinginn til að rífa hann svo niður. Kjúklingalæri þolir vel að vera ofeldað. Þess vegna notum við ekki bringur í þennan rétt. Kjúklinginn þarf að reykja í að minnsta kosti hálftíma og eldast í um einn og hálfan tíma.

Þegar kjúklingurinn er klár þarf að taka kjötið af beinunum og passa litlu mjóu leiðinlegu beinin. Rífa svo og tæta í litla bita. Saxa svo skinnið sem að ætti að vera pínu sigt en samt smá krispí og alveg fullt af bragði. Blanda svo öllu saman og raða á tacoið. Kjúklingurinn neðst, hrásalatið og svo sósan ofan á. Fullkomið til að starta grillsumrinu mikla.

Tortillurnar

Það er næsta ómögulegt að fá góða hveititortillu út í búð á þessu skeri. Best er að búa þær til sjálfur en það næstbesta er að létt grilla þær. Svona til að fela svampáferðina og efnabragðið. Í taco þarf litlar tortillur og það besta er að kaupa stórar úti í búð og skera svo annað hvort tvær eða þrjár litlar úr henni. Grilla svo og geyma í álpappír til að halda mýktinni þangað til kjúklingurinn er klár. ■

Muna svo að Taco er eins og pylsan í kvæðinu góða. Fjórir bitar max!

Trúnaðarmenn heiðraðir

Á aðalfundi Sameykis voru Birnu Daðadóttur Birnir og Pétri Ásbjörnssyni veittar viðurkenningar fyrir ötult og óeigingjarnt starf í þágu Sameykis. Tekið var tillit til þriggja þátta við valið á trúnaðarmanni ársins; hvernig trúnaðarmaður sinnir félagsfólki í Sameyki á vinnustaðnum, virkni þeirra í kjaramálum og virkni í félagsstarfi Sameykis.

Birna og Pétur er bæði framúrskarandi trúnaðarmenn á sínum vinnustöðum, þau eru glaðlynd að sögn samstarfsfélaga sinna, jákvæð og drífandi trúnaðarmenn. Birna Daðadóttir Birnir starfar í unglingastarfi í Frístundamiðstöðinni Árseli og Pétur Ásbjörnsson starfar á LSH á heilbrigðis- og upplýsingatæknisviði spítalans.

Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis og Ingibjörg Sif Sigríðardóttir, varaformaður Sameykis veittu þeim viðurkenningarnar, blómvendi og bókina Flóra Íslands á aðalfundinum. Að auki fengu þau vikudvöl í orlofshúsum Sameykis að eigin vali.

Sameyki óskar þeim til hamingju og þakkar þeim fyrir sitt góða framlag í þágu félagsins. ■

Fundaherferð Sameykis

Öflug félagsfundaherferð Sameykis með félagsfólki sínu um land allt hófst 8. febrúar sl. með félögum í Sameyki á Vesturlandi og Vestfjörðum. Því næst var fundað á Norðurlandi, Austurlandi, Suðurlandi og hringnum svo lokað með tveimur sameiginlegum fundum með félagsfólki á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi. Fundaherferðin endaði loks 11. mars með tveimur aukafundum fyrir landið allt til að koma til móts við það félagsfólk sem ekki gat mætt á þeim fundartíma sem boðaður var upphaflega. Fundirnir voru vel sóttir en skráning fór fram í gegnum vef Sameykis og voru þeir auglýstir á samfélagsmiðlum félagsins; Facebook og Twitter. Einnig voru send út smáskilaboð og fréttapóstar til að ná til félagsfólks. Allt heppnaðist þetta vel.

Allir fundirnir fóru fram með fjarfundarbúnaði. Ástæða fundanna var að stuðla að upplýstri umræðu um Sameyki, réttindi og kjaramál og önnur málefni sem varða félagsfólk. Hver fundur stóð yfir í eina klukkustund og þykir ástæða til að halda slíka fundi á hverju ári með þessum hætti en líka þykir nauðsynlegt að Sameyki

heimsæki þessa landshluta og ræði við félagsfólk í ljósi afléttingar sóttvarna. Efni fundanna voru réttindamál, kjaramál, heimavinna í heimsfaraldrinum og viðhorf félagsfólks til hennar ásamt erindi Þórarins Eyfjörð formanns Sameykis um opinbera starfsmenn í samfélaginu, mikilvægi þeirra starfa sem þeir sinna og jöfnun launa á milli markaða. Þá ræddi Þórarinn við félagsfólk um áróður Samtaka atvinnulífsins gegn opinberum starfsmönnum.

Í spjallborði fundanna frá Sameyki voru Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis, Guðmundur Freyr Sveinsson deildarstjóri kjaradeildar og Jakobína Þórðardóttir deildarstjóri félagsdeildar.

Á fundunum kom fram margt gagnlegt sem Sameyki mun taka inn í sína vinnu vegna komandi kjarasamninga, t.d. lögleiðing styttingar vinnuvikunnar, aðbúnaður starfsfólks sem sinnir vinnu sinni á eigin heimili o.fl.

Sameyki þakkar sínu félagsfólki fyrir ánægjulega og gagnlega umræðu. ■

„Það er víða veisla í atvinnulífinu“

„Síbylja atvinnurekenda um „ekkert svigrúm til launahækkana“ er tekin að hljóma með vaxandi þunga, eins og alltaf í aðdraganda kjarasamninga. Að þessu sinni er klisjan óvenju langt frá veruleikanum.“

Stefán Ólafsson, prófessor emeritus í félagsfræði við Háskóla Íslands og sérfræðingur hjá Eflingu, segir í grein sinni í Vísbendingu Ágætt svigrúm til samninga að miklar arðgreiðslur og launahækkanir forstjóra sýna svigrúm til launahækkana í næstu kjarasamningum.

Stefán Ólafsson prófessor emeritus við HÍ og starfar sem sérfræðingur hjá Eflingu. Skjáskot/RÚV

Þá segir hann forstjóra lifa í öðrum heimi en starfsfólk þeirra og enn aðrir tali um „sprengingu í arðgreiðslum“ úr fyrirtækjunum sem hafi fulla vasa fjár sem sum hver greiða sér mikinn arð og um leið hafi þegið ríkisstyrki vegna heimsfaraldursins. Stefán segir ennfremur að stjórnendur fyrirtækja taki hluta launa sinna sem bónusa og geti þannig bætt allt að 25 prósentum ofan á árslaun sín. Þá geta kaupréttarsamningar skilað þeim milljónatugum í hagnað.

„Staðhæfingar atvinnurekenda um að ekkert svigrúm sé til launahækkana er óvenju langt frá veruleikanum í komandi kjarasamningum, líkt og miklar launahækkanir forstjóra fyrirtækja hérlendis og arðgreiðslur til hluthafa sýna.“

Vaxtabætur að hverfa

Stefán segir í greininni að ef menn vilja hlífa fyrirtækjum við miklum launahækkunum þá megi hækka „félagslegu launin“ úr velferðarkerfinu og vísar þar í tilfærslukerfi heimilanna; barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur. Þá segir hann þær bætur hafi veikst verulega á síðustu árum og alls ekki haldið raungildi sínu né haldist í við þarfir.

„Forsætisráðherra hefur ítrekað sagt stjórnvöld vera á þeirri vegferð að hækka barnabætur, sérstaklega til þeirra tekjulægstu. Þetta var gert lítillega í aðdraganda Lífskjarasamningsins en um snautlega lága upphæð. Síðan þá hafa barnabætur ekki verið verðbættar né tengdar launaþróuninni þannig að hækkanir sem stjórnin boðaði í fjárlögum fyrir 2022 dugðu ekki til að bæturnar héldu raungildi sínu frá 2019. Þær hefðu þurft að hækka helmingi meira til þess.“ ■

Kjarasamningar Sameykis við ríki og Reykjavíkurborg

Sameyki hefur gefið út texta úr kjarasamningum við ríkið og Reykjavíkurborg þar sem kjarasamningsgreinar sem voru dottnar úr gildi eða höfðu breyst fyrir 1. maí 2021.

Í nýrri útgáfu eru birtast því aðeins þær kjarasamningsgreinar sem eru virkar á tímabilinu 1. maí 2021 til 31. mars 2023. Þetta á t.d. við um breytingar á vaktavinnukaflanum og orlofskaflanum ásamt fleiri atriðum sem varða styttingu vinnuvikunnar.

Með þessari útgáfu verður mun auðveldara fyrir félagsmenn að lesa sig til um réttindi sín og skyldur samkvæmt kjarasamningi þar sem ekki þarf að huga að því hvaða greinar eru í gildi og hverjar ekki eftir 1. maí 2021 (því ýmsar breytingar voru skrifaðar inn í kjarasamninginn sem er með gildistíma frá 2019.) Heildarsamningarnir eru þó áfram aðgengilegir á vefsíðu Sameykis, þ.e. hinir undirrituðu samningar sem eru með gildistíma frá 1. apríl 2019-31. mars 2023. ■

Lausn krossgátu. 2. tbl. 4. árgangur 2022

						HIMNAR	ÓTTIST	SPÝTAST		TÁLBEITA	HINDRA	KVK NAFN	DANDA-LAST
					NÆGJU-SAMUR / NOKKRIR	H	Ó	F	S	A	M	U	R
					F	Á	I	R	ERFÐA-VÍSA / ALÚÐ	G	E	N	A
						L	SIGRAÐUR / SKRAPP	U	N	N	I	N	N
					ÁKEFÐ	[2] O	F	S	A	KROPP / GÆLU-NAFN	N	A	G
					ALA	F	Ó	S	T	[3] R	A	FRESTA	L
	↓	SPANDERA		HRIKT / Í RÖÐ	B	FUGL / VARA	T	R	A	N	A	ÁTT / VENJAN	S	A
HIKA	V	E	I	G	R	A	SVIFDÝR	VINNA / GEYMIR	S	I	G	R	A	TITTIR
HÓLMI / SIGTA	E	Y	ÁLANDS-VINDUR / AFKIMI	H	A	F	Á	T	T	GÁ / KOSTUR	G	E	L	T
M	I	Ð	A	HNÍFA / SÁRNA	K	[5] U	T	A	MÆLA / GORTAR	V	I	G	T	A
STAGL	T	A	F	S	ÓSANNA / TVEIR EINS	R	A	N	G	A	GUTL / PLANTA	L	A	P
	I	MÆLTI / TRÉ	K	V	A	Ð	DVÍNA / FEILSKOT	[1] K	U	L	N	A	TOGA	P
LÁRVIÐAR-RÓS	N	E	R	Í	A	GORT / TAPAST	G	U	M	LJÚKA / MATJURT	E	N	D	A
NEISTI / TVENND	G	L	Ó	Ð	SKE / ÍÞRÓTTA-FÉLAG	G	E	R	A	S	T	TVEIR EINS / LÖTRAR	R	R
P	A	R	FENGUR / AND-SPÆNIS	A	F	L	I	DRABBA / VESÆLAR	[6] R	A	L	L	A	VEIÐIR
ARR	S	I	G	BEITILAND / SKÓFLA	H	A	G	A	BAÐA / HREMMA	L	A	U	G	A
	T	SEM / UMMERKI	E	R	ÞRÁÐA	T	A	U	G	A	SKOTT / GRÖM	L	A	F
OFBJÓÐA	O	F	[4] G	E	R	A	GISTI-STAÐUR / KAÐALL	M	Ó	T	E	L	DREIFA	L
TÓNLIST / HLUTA	F	Ö	N	K	TALGALLI	S	T	A	M	ÆÐA	R	A	S	A
P	A	R	T	A	HJARA	T	Ó	R	A	LITLAUS	G	R	Á	R

Lausnarorðið er **Korgur**

Sudoku

8	7	1	2			6		
	3	5		4	8	2		1
		4		7			8	
	9	7			2			
	4	3	5				1	9
		8			3	5	4	2
	5			6			9	7
		9				1		6
7	1		9			8	3	

Létt

8	5				3		4	
			1		7			
1				4	9	3		
	1	9				4	8	
		6		1				
4								
	8						2	
			6		4		7	
3						8		

Miðlungs

3	2	1						
7			6	1		3	4	
	4	6	5					
	5			7		4		8
				6		1		
		2						5
				2				
		8	3					2
	1	4	7					

Erfið



Vinningshafi krossgátunnar

Theódóra Steinþórsdóttir var dregin úr hópi þeirra sem sem sendu inn rétta lausn við síðustu krossgátu. Lausnarorð krossgátunnar er Korgur.

„En hvað þetta er nú gaman að heyra,“ sagði hún glöð í bragði þegar Sameyki hafði samband við Theódóru með góðu tíðindin.

Theódóra vann á fræðslusviði Reykjavíkurborgar í fjölmörg ár en fór á eftirlaun fyrir nokkru síðan og er nú félagi í lífeyrisdeild Sameykis.

Theódóra segist hafa mætt á nokkra viðburði á vegum lífeyrisdeildar Sameykis í gegnum tíðina og haft gaman af, þó það hafi nú skiljanlega verið lítið um slíkar samkomur síðustu tvö árin. Hún segist ætla hugsa málið hvort hún velji að nýta sér orlofshús eða þiggi peningagjöf að verðlaunum. ■



						ÁLANDS-VINDUR	LÁGFIÐLA	HLÓÐIR	↴	FRAM-KVÆMA / LIÐORMUR	↴	KVEIF	NEÐAN VIÐ	DRASL
					MJALDUR / MÁNUÐUR									
					↳			HÓTUN / SKADDA						
					FAUTI				RÍKIS / SKÁSTOÐ					
					ÁMÆLA / ÓSKIPTAN						GLJÚFUR / BÓK-STAFUR			
	↓	HLUTI / KRASSA	↴	FÍFLAST / MJÖÐUR						SAMSTÆÐA / SPIL	2			ÞRÁÐUR
GLAMUR							ÁVÖXTUR / ÖSLA					SKRAMBI	ÓNÆÐI	
BOTN-VARPA						EFI / BRAK					ORLOF / HRÍSLU-SKÓGUR			
DÁ / SKREF				ERGJA / AFKVÆMI				BAUKURINN / ÞEKKING						
↳			YNDIS / FORM					1	LUFSA / SPYR					
HEITI					DEIGJA / STEIN-TEGUND					RÓL / GÓLA				STAGL
		SEYTLAR / HLERI					NÝLEGRI / PIRRA						LITAREFNI	
FLAT-FÓTUR / LIÐUR						NÆST-FYRSTUR / RÁNDÝR						BERIST TIL / LÍFSSÖGU		
↳				BEITA / BRESTIR				Á FÆTI / ÓLÆTI			GUBB / FARMRÚM	4		
TVEIR EINS			STOPPA Í / FRERI						ALGJÖR-LEGA / HEIMSÁLFU					
AÐ-RAKSTUR					SELUR / MÖRK		3			TRÉ / GINNA				LÖGUN
		SVERFA / BLEKKING						BEKKUR / GÆTINN					NÁLÆGT	
DUGNAÐUR							HÖGGTÖNN / SLÁ							
GALSI / DRYKKUR				5		ÞRAUT					TÖFFARI			
↳				SLÁTTAR-TÆKI					VARA					

Verðlaunakrossgáta

Krossgátan er fastur liður í tímariti Sameykis, félagsmönnum vonandi til mikillar ánægju og yndisauka. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökudag, sem að þessu sinni er 15. júlí næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupphæðar (12.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félagsins frá 15. september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagið „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@sameyki.is

Til hamingju með alþjóðlegan baráttudag launafólks

1. maí

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu • Grettisgötu 89, 105 Reykjavík • Sími 525 8330 • sameyki@sameyki.is • sameyki.is